Býður upp á ræktardagatal

Lífið ➤ 36

Heimsfrægur í Hollandi

Lífið ➤ 38

FRÉTTABLAÐIÐ

237. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 2. DESEMBER 2021

Mistök voru gerð á þingfundi í gær þegar dregið var um sætaskipan þingmanna í þingsal. Ruglingur varð á kössum með númeruðum kúlum sem dregnar eru og gefa upp hvar hver þingmaður skuli sitja. Nýr forseti Alþingis, Birgir Ármannsson, gerði hlé á þingfundi til að sortera kúlurnar og hóf svo leikinn að nýju. Í gær var fyrsti dagur Birgis sem forseta Alþingis. Síðastliðna viku hefur Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verið sitjandi forseti þingsins. Hún hefur hæstan starfsaldur á þinginu og fékk því hlutverk forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samfélag án kynferðisbrota

SKOÐUN „Við viljum samfélag án kynbundins ofbeldis og kynferðisbrota,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri í aðsendri grein.

Ríkislögreglustjóri og Neyðarlínan standa fyrir átaki sem ætlað er að fæla framtíðarafbrotamenn frá því að beita ofbeldi. Herferðinni er beint að karlmönnum á aldrinum 18-35 ára.

Tilkynntum kynferðisbrotum til lögreglu hefur fjölgað. SJÁ SÍÐU 16

Vill auka heimildir lögreglu

Ný ríkisstjórn hefur birt þingmálaskrá sína fyrir komandi þingvetur. Meðal mála eru breytingar á lögreglulögum.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Nýr innanríkisráðherra, Jón Gunnarsson, hyggst setja forvirkar rannsóknarheimildir fyrir lögreglu aftur á dagskrá, með frumvörpum sem lögð verða fram í janúar. Þetta kemur fram í nýrri þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem birt var í gær.

Um er að ræða tvö frumvörp, annars vegar um breytingar á lögreglulögum og hins vegar lögum um meðferð sakamála. Frumvarp um breytingar á lögreglulögum fjallar um aðgerðir til að koma í veg fyrir brot, en markmið þess er að „skýra heimildir lögreglu til að grípa til ráðstafana í þágu afbrotavarna“, að því er fram kemur í þingmálaskránni. Umræddar heimildir varði sérstaklega skipulagða brotastarfsemi, afbrot eða athafnir sem raskað geta öryggi borgara og ríkisins, netárásir og fleiri brot.

Samhliða mun ráðherra leggja til breytingar á lögum um meðferð sakamála, meðal annars um lengd gæsluvarðhalds og aðgangs

Jón Gunnarssonn, nýr innanríkisráðherra

að gögnum, í þágu sömu markmiða.

Fréttablaðið fer yfir nýja þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar í blaðinu í dag. Vísað er til fjölda mála sem ekki kláruðust á síðasta kjörtímabili, til dæmis um fíkniefni, en hvorki er minnst á hálendisþjóðgarð né fjölmiðlastyrki. SJÁ SÍÐU 10

Veitti RÚV gögn án heimildar

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í frávísunarmáli Ríkisútvarpsins (RÚV) og Matvælastofnunar gegn tveimur félögum sem keyptu skaðabótakröfu Brúneggja, fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Félögin tvö fara fram á viðurkenningu vegna tjóns þegar Brúnegg fóru í þrot í kjölfar Kveiksþáttar sem sýndur var þann 28. nóvember árið 2016. Félögin eru Bali og Geysir fjárfestingarfélag, sem Kristinn Gylfi Jónsson, annar fyrrverandi eigenda Brúneggja, fer fyrir. SJÁ SÍÐU 4

Yfirlitsmynd frá Grímsvötnum í gær. MYND/JÓN GRÉTAR SIGURÐSSON

Erfitt að segja hvort það gjósi

kristinnpall@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ „Menn eru sannfærðir um að hlaup sé hafið og að það nái sambærilegum hraða og er dæmigerður fyrir hlaup í Grímsvötnum," segir Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði, spurður hvaða þýðingu það hafi að almannavarnir, í samstarfi við ríkislögreglustjóra, ákváðu að lýsa yfir óvissustigi vegna jökulhlaups frá Grímsvötnum.

„Fyrstu merkin gefa til kynna að þetta verði meðalstórt hlaup en hvort að það þýði að það gjósi eða ekki er ómögulegt að segja," segir Þorvaldur, en síðast gaus í Grímsvötnum árið 2011.

„Það er til gríðarlegt magn af upplýsingum um Grímsvötn eftir áralangar rannsóknir og hlaupin verða ekki alltaf að eldgosi. Við erum í biðstöðu. Mælirinn segir að þenslan í Grímsvötnum sé jafnmikil og fyrir síðasta gos og því er ekki útilokað að eldgos sé væntanlegt en það er heldur ekki hægt að fullyrða að það sé í vændum." ■

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

Það var glatt á hjalla á Kjarvalsstöðum í gær þegar kynntar voru tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2021. Þessi fríði hópur fékk tilnefningar fyrir skáldverk og sló saman rauðum rósum við tilefnið. Lista yfir öll þau sem tilnefnd eru má sjá á frettabladid.is. FRÉTTBLAÐIÐ/EYÞÓR

Pósturinn undirbýr netöryggisherferð

ninarichter@frettabladid.is

Kristín Inga Jónsdóttir, forstöðumaður hjá Póstinum

NEYTENDUR Síðustu daga hefur nokkuð borið á vafasömum SMS-sendingum frá kortasvindlurum. SMS-in eru titluð „important" og látin líta út fyrir að vera frá Póstinum.

Kristín Inga Jónsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar hjá Póstinum, segir að fyrirtækið fari í herferð á næstunni varðandi netöryggi notenda. „Það er verið að stela traustum vörumerkjum til að svíkja persónuupplýsingar út úr neytendum," segir hún.

SMS-svindlið felur í sér skilaboð þess efnis að viðtakandi eigi ósótta sendingu sem hann þurfi að greiða fyrir. Líklegt er að ófáir Íslendingar eigi von á sendingum frá vefverslunum þessa dagana, og því full ástæða til að hafa varann á.

Þeir neytendur sem lent hafa í svindli af þessu tagi geta þó ekki snúið sér til Póstsins heldur eiga slík mál erindi beint á borð lögreglu. „Við beinum öllum viðskiptavinum beint til lögreglunnar, ef viðkomandi hefur gefið upp persónu- eða kortaupplýsingar á varasömum síðum." ■



Nemendur í Fossvogsskóla fá ekki ferðalag á Reyki

Nemendur í 7. bekk Fossvogsskóla fá ekki að fara á Reyki annað árið í röð. Börnin eru svekkt og kveðjast vera skilin út undan. Framkvæmdastjóri Reykja segir þetta þyngra en tárum taki.

tsh@frettabladid.is

MENNTAMÁL Börn í 7. bekk í Fossvogsskóla fá ekki að fara í skólabúðirnar á Reykjum í Hrútafirði vegna þess að fráfarandi skólastjóri, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, gleymdi að sækja um fyrir þau. Þegar umsókn loks barst frá skólanum var allt orðið fullt í skólabúðunum.

Er þetta annað árið í röð sem nemendur Fossvogsskóla komast ekki á Reyki en í fyrra var opinber skýring sú að ekki hefði verið hægt að fara vegna Covid-takmarkana.

Mikið hefur mætt á nemendum Fossvogsskóla undanfarið en barist hefur verið við myglu innan skólans undanfarin þrjú ár. Faðir í 7. bekk í Fossvogsskóla, sem Fréttablaðið ræddi við, segir barn sitt og vini þess vera mjög svekkt yfir því að komast ekki á Reyki.

„Þeim finnst skólinn og skólastjórnendur hafa brugðist sér," segir hann. Að sögn föðurins upplifa börnin það sem svo að þau séu skilin út undan og að skólinn „hati" þau.

Verið er að vinna að lausn fyrir nemendurna og í tölvupósti sem sendur var á foreldra í október kemur fram að búið sé að bóka pláss í skólabúðunum á Laugarvatni og á Úlfljótsvatni næsta vor. Það myndi þó þýða að sami árgangur færi að öllum líkindum aftur á Laugarvatn í 9. bekk.

Karl B. Örvarsson, framkvæmdastjóri skólabúðanna á Reykjum, sýnir vonbrigðum nemenda 7. bekkjar Fossvogsskóla mikinn skilning.

„Þetta er svo leiðinlegt gagnvart blessuðum börnunum að þurfa að standa í þessu að það er þyngra en tárum taki," segir hann.

Börnin í Fossvogsskóla eru svekkt að fá ekki að fara á Reyki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Þetta er svo leiðinlegt gagnvart blessuðum börnunum.

Karl B. Örvarsson, framkvæmdastjóri skólabúðanna á Reykjum

Að sögn Karls eru alltaf nokkrir skólar sem lenda í því að fá ekki pláss á Reykjum ár hvert. Byrjað er að bóka í skólabúðirnar með góðum fyrirvara og er þá reglan að fyrstur kemur, fyrstur fær. Samkvæmt nýjustu sóttvarnareglum er aðeins hægt að taka á móti fimmtíu börnum í einu og því ljóst að færri komast að en vilja.

Komið hefur fyrir að skólar hafi þurft að afbóka vegna Covid-smita og segir Karl að þá sé iðulega reynt að bjóða einhverjum öðrum plássið en það geti þó verið erfitt fyrir skóla að stökkva til með svo stuttum fyrirvara.

„Fyrir okkur er þetta sárt af því krakkarnir njóta alltaf vafans og við reynum og reynum að gera allt í þeirra þágu. En svona er þetta bara," segir Karl. ■

Tryggðu þér nýjan fjórhjóladrifinn bíl fyrir áramót!

Við náðum inn sendingu til að þú getir fullnýtt niðurfellingu virðisaukaskatts fyrir áramót. Bættu nýju ljósi í skammdegið strax í dag og fáðu þér nýjan tengiltvinnbíl á frábæru verði frá aðeins **5.490.000 kr. til afhendingar strax.** Tryggðu þér bíl fyrir hækkun um áramót og keyrðu á nýjum Eclipse Cross inn í nýtt ár.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU **5**

Jólapakki fylgir

Vetrardekk, gúmmímottur, motta í skottið og aurhlífar.

Sparaðu 960.000 kr.*

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is/mitsubishisalur
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Eclipse Cross PHEV 4x4

*Samkvæmt lögum munu ívilnanir stjórnvalda falla að fullu niður á nýju ári og tengiltvinnbílar því hækka í verði um áramótin. Núverandi ívilnanir eru í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti **um 960.000 kr. af hverjum bíl**. Að öllu óbreyttu mun sú upphæð leggjast við kaupverð á Eclipse Cross árið 2022.

Vantar hálfan milljarð á ári

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Samkvæmt kostnaðargreiningu Garðabæjar á þjónustu við fatlað fólk undanfarin þrjú ár, er um hálfs milljarðs fjárvöntun á ári eftir yfirfærslu frá ríki til sveitarfélaga. Félagsmálaráðuneytið safnar nú upplýsingum frá sveitarfélögum til að finna raunkostnað þeirra við málaflokkinn.

Ef vöntun Garðabæjar er yfirfærð á landið allt er heildarvöntunin 10 milljarðar.

Vöntun Garðabæjar hefur aukist ár frá ári, var um 448 milljónir árið 2018 en 582 í fyrra. Auknar kröfur um þjónustu hafa verið gerðar á undanförnum árum, svo sem um gerð NPA-samninga.

Í Garðabæ búa um 17.700 manns, sem gera tæplega 5 prósent landsmanna. Ef vöntun bæjarins er yfirfærð á landið allt má gera ráð fyrir að vöntun sveitarfélaganna sé ekki minni en 10 milljarðar króna árlega. ■

Vonsvikin vegna verðhækkana

benediktboas@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Bæjarráð Vestmannaeyja lýsir miklum vonbrigðum með breytingar á lögum sem hafa leitt af sér verðhækkanir á póstsendingum Íslandspósts á landsbyggðina. Á fundi bæjarráðsins er hækkunin sögð vera ígildi landsbyggðarskatts sem mismunar notendum þjónustunnar eftir búsetu.

Skorar bæjarráðið á Alþingi og nýja ríkisstjórn að búa svo um póstþjónustu að allir landsmenn sitji við sama borð.

Fyrri lög kváðu á um að sama gjaldskrá væri fyrir póstsendingar, óháð hvar á landinu sendandi eða móttakandi væri staddur. Lagabreytingar í sumar breyttu þessu og kveða nú á um að gjald fyrir sendingar á allt að 10 kílóa pökkum endurspegli kostnað við flutning og mun ríkið einnig hætta að niðurgreiða kostnað við sendingar. ■

Létu forstöðumann hætta eftir örfáa daga í starfi

bth@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNARMÁL Norðurþing hefur auglýst starf forstöðumanns Sundlaugar Húsavíkur til umsóknar. Skammt er síðan gengið var frá ráðningu forstöðumanns laugarinnar en hann hætti störfum innan örfárra daga eftir mótmæli íbúa sem beittu sér gegn ráðningunni.

„Við ákváðum að ganga ekki frá ráðningu við þennan aðila og auglýsa starfið aftur," segir Drífa Valdimarsdóttir, staðgengill sveitarstjóra í Norðurþingi.

Hún segir að Norðurþing hafi fylgt öllum lögbundnum ferlum við auglýsingu um starfið og annað. Maðurinn sé með hreint sakavottorð.„Það var allt gert rétt í þessu ferli," segir Drífa. „Svo kemur upp ábending og við brugðumst við," bætir hún við.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins er ástæða þess að ekki þótti við hæfi að maðurinn sinnti starfinu sú, að ítrekað hafa gengið sögur um að hann hafi ekki virt mörk í samskiptum kynjanna. Hann hefur þó aldrei verið kærður og er með hreint sakavottorð eins og staðgengill sveitarstjóra bendir á.

Sögur af ágengni urðu til þess að nýráðinn forstöðumaður sundlaugarinnar á Húsavík hætti eftir skamma viðkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Meðmælendur í ráðningarferlinu gáfu honum góða umsögn. Maðurinn á sér langa sögu mannaforráða og þykir hafa margt til brunns að bera sem starfsmaður, en ótækt þótti að hann sinnti forstöðumennsku í sundlauginni vegna sagna um fyrri framkomu hans. Norðurþing nýtti sér þjónustu ráðningarfyrirtækis við ráðninguna. Drífa tekur fram að þótt maðurinn hafi verið búinn að hafi ekki verið búið að ganga frá ráðningu. ■

Sagði Matvælastofnun hafa veitt Ríkisútvarpinu gögn án heimildar

Tekist var á um frávísunarkröfu Ríkisútvarpsins og Matvælastofnunar í máli tveggja félaga sem telja ríkisstofnanirnar hafa brotið á Brúneggjum í umfjöllun Kveiks árið 2016. Lögmaður líkti málinu við hið svokallaða kjötbökumál.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í frávísunarmáli Ríkisútvarpsins og Matvælastofnunar gegn tveimur félögum sem keyptu skaðabótakröfu Brúneggja fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Félögin fara fram á viðurkenningu vegna tjóns þegar Brúnegg fóru í þrot í kjölfar Kveiksþáttar sem sýndur var þann 28. nóvember árið 2016. Félögin eru Bali og Geysir fjárfestingarfélag sem Kristinn Gylfi Jónsson, annar fyrrverandi eiganda Brúneggja, fer fyrir.

Viðar Lúðvíksson, lögmaður Bala og Geysis, sagði Matvælastofnun hafa á saknæman hátt hafa veitt Ríkisútvarpinu gögn án þess að eigendur Brúneggja fengju andmælarétt. Þá hefði fréttaflutningurinn verið villandi og rangur.

„Matvælastofnun hafði ekki heimildir til að lýsa neinn sem bestan eða verstan," sagði Viðar. En í þættinum var fjallað um ágalla við aðbúnað fuglanna og sagt að egg Brúneggja væru ranglega markaðssett sem vistvæn.

Var því lýst hvernig Brúnegg hrundu á einni nóttu en smásalar hringdu samstundis í fyrirtækið og kröfðust þess að eggin yrðu fjarlægð úr búðum. Hagnaður hafði aukist

Strax eftir umtalaðan Kveiksþátt streymdu egg Brúneggja til baka úr verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sala Brúneggja fór úr 44 milljónum króna í neikvæðar 16 á einum mánuði.

ár frá ári og var 33 milljónir á fyrri helmingi ársins 2016 og 21 starfsmaður var hjá fyrirtækinu. Salan jókst úr 35 milljónum í 44 milli október og nóvember, en vegna skila var salan neikvæð í desember um 16 milljónir. Í janúar voru egg seld til samkeppnisaðila á hrakvirði.

Lögmaður Matvælastofnunar, Soffía Jónsdóttir, sagði kröfugerð Bala og Geysis óljósa og að blandað væri saman dómkröfum og málsástæðum. Þetta væri ekki samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Stefán A. Svensson, lögmaður Ríkisútvarpsins, flutti málið að stærstum hluta fyrir ríkisstofnanirnar og lýsti frekari göllum á kröfum Bala og Geysis. Það er, að í stefnu væri tjónið bæði talið Brúneggja sem félags og hluthafanna í félaginu. Væri því verið að tvíkrefja um tjónið en meint tjón gæti aðeins orðið félagsins í viðurkenningarmálum.

Viðar hafnaði þessu og sagði kröfurnar sjálfstæðar og aðgreindar. Þar að auki væru engar tjónafjárhæðir nefndar eða hlutföll milli tjónþola. Þetta væri dómsins að ákveða. Einnig hafnaði hann málflutningi Matvælastofnunar.

Ár er síðan málið hófst í réttarkerfinu og síðan hefur skiptum á þrotabúi Brúneggja verið lokið. Í réttinum var deilt um gagngjald sem félögin höfðu greitt þrotabúinu fyrir kröfuna á hendur Ríkisútvarpinu og Matvælastofnun en Viðar og Kristinn, sem var viðstaddur, sögðu skiptastjóra hafa farið fram á trúnað um upphæðina.

Einnig var fjallað um þær hænur sem Brúnegg seldu til Gjáholts fyrir gjaldþrotið en lögmenn Ríkisútvarpsins og Matvælastofnunar töldu kröfuna hafa fylgt bústofninum. Viðar hafnaði því og sagði kröfu ekki geta fylgt seldum lausafjármunum frekar en hitalampa eða traktor.

Þá vísaði Viðar ítrekað til hins svokallaða kjötbökumáls sem væri að stórum hluta sambærilegt við Brúneggjamálið. En í janúar úrskurðaði Hæstiréttur að fyrirtækið Kræsingar frá Borgarnesi fengi 112 milljónir króna í skaðabætur eftir að Matvælastofnun hafði birt frétt um kjötlausar kjötbökur á vefsíðu sinni. ■

EMBRACE THE EFFECT

Veldu virkni um hátíðarnar.

Glæsilegu gjafasettin okkar innihalda úrval þess allra besta úr vörulínu BIOEFFECT.
Í þeim má finna nokkrar af okkar vinsælustu vörum á sérstökum hátíðarkjörum.
Tryggðu þér og þínum heilbrigða og ljómandi húð um hátíðarnar.

Hvern kassa prýðir útsaumslistaverk eftir
listamanninn James Merry.

BIOEFFECT

BIOEFFECT verslun Hafnarstræti 19 | Valdir útsölustaðir | bioeffect.is

Mikil misnotkun á strætófargjöldum fyrir öryrkja

birnadrofn@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Strætó bs. hefur opnað sérstakan hjálparsíma fyrir fatlað fólk og öryrkja sem þurfa aðstoð við nýtt greiðslukerfi sem tekið hefur verið í gagnið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag hefur nýja kerfið reynst mörgum öryrkjum erfitt. Upplifa þau það flókið og þar að auki þurfa þau að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum til að virkja öryrkjaafslátt. Ekki geta allir fengið rafræn skilríki eða notað þau. Dæmi eru um að sökum fötlunar geti einstaklingar ekki sjálfir valið sér lykilorð fyrir rafræn skilríki og megi ekki fá aðstoð við það.

Strætó fundaði með Þroskahjálp í gær vegna málsins og segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, það yfirlýstan vilja Strætó að gera betur í þjónustu við öryrkja. Ásamt því að opna hjálparsímann býður Strætó þeim sem hjálp þurfa við nýja kerfið að koma í höfuðstöðvar sínar og kaupa kort á afslætti.

Strætó fundaði með Þroskahjálp í gær vegna málsins. MYND/AÐSEND

„Við mælum með að fólk taki með sér skilríki og gögn til að staðfesta örorku," segir Jóhannes. Þá segir hann að til standi að fara í heimsóknir til Þroskahjálpar, Áss styrktarfélags og fleiri staða, til að aðstoða fólk vegna greiðslukerfisins.

Spurður hvers vegna svo mikilvægt sé að farþegar sem eigi rétt á öryrkjaafslætti staðfesti örorku segir Guðmundur Heiðar Helguson, upplýsingafulltrúi Strætó, reynsluna hafa sýnt að mikið sé um að fargjöld fyrir öryrkja séu misnotuð.

„Það er mikið um það að fólk sem er ekki öryrkjar sé að nýta sér afsláttinn og það er eitthvað sem við þurfum að bregðast við," segir hann. „Við þurfum að koma því þannig fyrir að fólkið sem á rétt á afslættinum sé eingöngu þeir sem fá þetta góða verð. Okkar tekjur byggjast mikið á fargjöldum." ■

Gengið yfir gangbraut við Háteigsveg, Tækniskólinn í bakgrunni.

Vilja snjallvæða allar gangbrautir

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu í gær um að fjölga snjallgangbrautum við skóla í Reykjavík til að auka öryggi barna á leið í og úr skóla. Fjórar slíkar gangbrautir eru í notkun í tilraunaskyni.

Í snjallgangbrautum er notuð tækni sem lýsir aðeins upp gangbraut þegar vegfarendur nálgast.

Í bókuninni segir að umferðaröryggi sé ábótavant við skóla Reykjavíkur. Aðeins sjö skólar séu með gangbrautarljós og að við níu skóla séu engar gangbrautir að finna. ■

Ferðamenn muni áfram streyma að

benediktboas@frettabladid.is

GRINDAVÍK Bæjarráð Grindavíkur leggur áherslu á að koma á fót sýningu og fræðslusetri um náttúru og jarðfræði með áherslu á eldgosið við Fagradalsfjall.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku kom fram að mikill fjöldi ferðamanna hefði komið á gosstöðvarnar og gert væri ráð fyrir að svo yrði áfram jafnvel þó engin eldvirkni verði til staðar.

Bærinn leggur fram aðstöðu í menningarhúsinu Kvikunni. ■

Holdmæra finnst í öndum hér á landi

Sníkjudýr sem líkjast hrísgrjónum eru að festast í sessi í öndum. Skotveiðimenn hafa tekið eftir þessu við hamflettingu en kjötið er mjög ólystugt. Sníkjudýrafræðingur segir fólk ekki í hættu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Á síðustu árum hafa nokkrir skotveiðimenn fundið áberandi vefjaþolhjúpa í bringukjöti andfugla sem þeir hafa verið að skjóta. Stærð og útlit þolhjúpanna minnir á ósoðin hrísgrjón sem liggja í eða rétt undir yfirborði bringuvöðvanna. Þarna eru á ferðinni vefjaþolhjúpar einfrumu sníkjudýrs. Erlendis kalla menn þetta gjarnan hrísgrjónabrjóst og svo virðist sem þetta áberandi sníkjudýr hafi ekki farið að finnast fyrr en á allra síðustu árum hér á landi.

„Þetta hefur greinilega verið hér í nokkur ár," segir Karl Skírnisson, sníkjudýrafræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, en þar hefur hann unnið að sníkjudýrarannsóknum á íslenskum fuglum áratugum saman.

Grjónin eru ekki ormar heldur vefjaþolhjúpar, þessir aflöngu strúktúrar eru fullir af litlum frumum sem eru sníkjudýrin sjálf. Um er að ræða frumdýr sem nefnist holdmæra eða Sarcocystis á latínu. Karl segir holdmærur finnast í öllum grasbítum á Íslandi en vefjaþolhjúparnir verða sjaldnast svona áberandi nema í andfuglum. Lokahýslar í lífsferli holdmæra eru einhverjar kjötætur, hræætur eða rándýr, sem smitast við að éta hræ með vefjaþolhjúpum í.

„Helstu áhrifin eru sú að þeir sem hamfletta svona fugla hafa ekki lyst á því að borða þá," segir Karl aðspurður um hvaða áhrif til-



Veiðimönnum bregður í brún þegar þeir sjá grjónin í kjötinu. Hér er bringa rauðhöfðaandar. MYND/FINNUR TORFASON

koma þessa sjúkdóms hafi. Hann segir holdmærur sennilega ekki hafa nein veruleg heilsufarsleg áhrif á fuglana og að þetta sníkjudýr fari ekki yfir í fólk. Eldunin á fuglunum drepur holdmærurnar, þessi sníkjudýr eru yfirleitt mjög hýsilsérhæfð.

Karli áskotnaðist sýktur fugl fyrir ekki löngu síðan og hefur hann síðan spurst fyrir um þetta meðal skotveiðimanna og fengið nokkur viðbrögð. „Mjög sennilega hafa fuglarnir smitast erlendis, á vetrarstöðvunum sem eru gjarnan í Vestur-Evrópu," segir hann en þar er þekkt að lokahýsillinn í lífsferli tegundarinnar sem hér á í hlut sé rauðrefur.

> Þetta hefur greinilega verið hér í nokkur ár.

Karl Skírnisson, sníkjudýrafræðingur, Tilraunastöð HÍ að Keldum

Árið 2017 var sjúkdómurinn umtalaður í Bretlandi og var fólki þá ráðlagt frá því að borða sýkta fugla. Einnig að gefa hundum sínum ekki sýkt kjöt því þeir gætu hugsanlega þannig orðið lokahýslar sníkjudýrsins. Ekkert hefur þó komið fram í framhaldinu um að þetta eigi við rök að styðjast. Þessi holdmæra uppgötvaðist fyrst í Bretlandi árið 2010.

„Smittíðni af hennar völdum hefur greinilega verið að færast í vöxt í Vestur-Evrópu síðasta áratuginn þannig að við því er að búast að endur komi hingað smitaðar af vetrarstöðvunum í auknum mæli næstu árin," segir Karl sem biður veiðimenn og aðra sem kynnu að verða varir við sýkta fugla að senda upplýsingar og myndir á tölvupóstfangið karlsk@hi.is. ■

NÝR AiWAYS U5!

AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. **5.190.000**

AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri.

Sérlega glæsileg innrétting og Innrarými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina.
AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu
(400 km í Premium útfærslu)

Hröðun 3,1 sekm 0 – 50km/klst.
Afkastageta:150 kW (204 hö)

SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Nauðsynlegt að finna lausn á bringubeinsskaða varphæna

elinhirst@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR „Ég neita því ekki að ef maður leitar eftir þessu þá getur maður fundið þetta með því að þreifa fuglinn," segir Stefán Símonarson, framkvæmdastjóri Nesbús og formaður Félags eggjabænda. Taldar eru miklar líkur á að 50-90 prósent íslenskra varphæna séu með skaðað bringubein, líkt og í ljós hefur komið víða erlendis að undanförnu, að mati Brigitte Brugger, dýralæknis hjá Matvælastofnun (MAST).

Ástæðan sé annars vegar sú að varphænur verpa 300 eggjum á ári að jafnaði, á meðan villtar hænur verpi um 20 eggjum á ári. Svo mikið kalk fari í að mynda eggjaskurn að það orsakar beinþynningu hjá hænunum. Þá hefur nýleg dönsk rannsókn leitt í ljós að stór egg eigi líka þátt í því að varphænur verði fyrir bringubeinsskaða. Brigitte segir að dýrin þjáist vegna þessa:

> Þetta er sársaukafullt fyrir hænurnar því þetta eru beinbrot.
>
> Brigitte Brugger, dýralæknir hjá MAST

„Þetta er sársaukafullt fyrir hænurnar því þetta eru beinbrot," segir hún.

„Við erum búin að fjárfesta gríðarlega í nýjum búnaði eggjabændur til að uppfylla nýjustu kröfur og bæta aðbúnað fuglanna," segir Stefán hjá Nesbúi. „Það vantar hins vegar miklu meiri rannsóknir og það verða allir að leggjast á eitt til að finna lausn sem fyrst," segir Stefán. Það sé bænda, ræktenda fuglanna og dýralækna að komast að því hvað hægt sé að gera.

Stefán telur að breyta þurfi ræktun varphæna hér á landi, minnka eggin eða stækka fuglana eða gera breytingu á fóðursamsetningu með meiri kalkupptöku.

Stefán segir að nýjustu upplýsingar um að eggin séu of stór og valdi bringubeinsskaða hafi komið eggjabændum í opna skjöldu og við þessu þurfi að bregðast öllu saman. ■

Bringubeinsáverkar á varphænum

Hér má sjá nokkur dæmi um hvernig bringubein fuglanna brotna vegna stærðar eggja eða kalkleysis. MYND/UMBROT

Breskir hermenn að störfum í Afganistan fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leyfa HIV-smituðum að ganga til liðs við herinn

kristinnpall@frettabladid.is

BRETLAND Á alþjóðlega alnæmisdeginum í gær tilkynnti varnarmálaráðuneyti Bretlands að ákveðið hefði verið að samþykkja fólk sem væri smitað af HIV í breska herinn frá og með næsta vori. Ef einstaklingar eru ekki með mælanlega kvilla vegna veirunnar, verður þeim heimilt að ganga til liðs við herinn og er búið að aflétta banni á lyfjum sem hjálpa einstaklingum að halda einkennum sýkinganna niðri.

Frá árinu 1985 hefur einstaklingum sem hafa greinst með alnæmi eða eyðni verið bannað að starfa innan breska hersins, á grundvelli þess að þeir þóttu ekki í líkamlegu ástandi til að sinna herskyldu. Um leið voru boðaðar breytingar á reglu um breytt starfshlutfall hermanna sem smitast af eyðni eða alnæmi í störfum sínum fyrir breska herinn. ■

> Bandarískri herinn meinar fólki sem er með HIV að ganga í herinn.

Kemur alls ekki til greina að rífa hús við Reykjavíkurveg

Bæjarstjóri Hafnafjarðar segir það ekki inn í myndinni að rífa húsin við Reykjavíkurveg. Einföld mistök í orðalagi urðu að umdeildum misskilningi.

arib@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir það alls ekki koma til greina að rífa hús við Reykjavíkurveg til að koma Borgarlínu að og meirihluti bæjarstjórnar sé sama sinnis.

„Það var skýr stefna mín í aðdraganda samgöngusáttmálans þegar lagt var til að Borgarlínan færi í gegnum Reykjavíkurveg, að á þessum kafla á veginum færi Borgarlínan í gegnum almenna umferð, eins og gert er ráð fyrir í Borgarlínuverkefninu að sums staðar verði gert. Sömu leið og Strætó fer í dag," segir Rósa.

„Skipulagshöfundum Vesturbæjarskipulagsins, arkitektum, fannst samt að það þyrfti að ávarpa þennan möguleika inni í greinargerð skipulagstillögunnar ef bæjaryfirvöldum framtíðarinnar snérist hugur. Það eru mistök að hafa látið þetta orðalag standa, að heimilt væri að fjarlægja tiltekin hús, því á okkar vakt verður það alls ekki lagt til og hef ég fulla trú á að aðrir bæjarfulltrúar í hvaða flokki sem er séu sama sinnis og verða vonandi til framtíðar."

Rósa segir að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verði að vega og meta hvernig Borgarlínu verður best komið fyrir. Á flestum stöðum verða gerðar sérstakar akreinar. Lagt verður til í Hafnarfirði að fundin verði önnur útfærsla, til dæmis að Borgarlínan fari á stuttum kafla inn í almenna umferð.

Rósa tekur skýrt fram að gömlu húsin fari ekki neitt.

„Gömlu húsin, við Reykjavíkurveg og víðar, gera bæinn okkar að því sem hann er. Við viljum varðveita sérstöðu bæjarins, þar sem einstök hús með mikla sögu eru í forgrunni," segir hún. „Gömlu húsin eru sjarmi Hafnarfjarðar og við ætlum ekki að breyta því." ■

Bæjarstjórinn segir að um einföld mistök hafi verið að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Gömlu húsin eru sjarmi Hafnarfjarðar og við ætlum ekki að breyta því.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Bjart&hlýtt

Á MÚRBÚÐARVERÐI

Trotec olíufylltur rafmagnsofn, 11 þilja, 2500W

18.995

Keramik Element TFC 19E snúnings hitablásari

9.585

Trotec keramik hitablásari TFC 13, 1400W

6.715

Design rafmagnsofn TCH, 2000W
Fæst einnig hvítur

18.995

Trotec rafmagnsofn 2300W
Fæst einnig hvítur

15.995

Olíufylltur rafmagnsofn 9 þilja, 2000W

11.929

Trotec hitablásari TFH 19E: 2000W

2.490

Rafmagnshitablásari hobby 2000W 1.f.

2.295

Frábær birta

Vatnsþétt LED útiljós / bílskúrsljós IP65

28W 60cm **3.885**
56W 120cm **5.995**
70W 150cm **7.695**
48W 120cm **7.995**

LED ljóskastari á standi, 2X20W

13.995

LED vinnuljós 20W m/hleðslubatterí

11.475

LED vinnuljós 30W m/ hleðslubatterí

14.995

LED ljóskastari30W

9.995

LED Kastari 30W

9.995

Mikið úrval af rakavörðum fjöltengjum IP44
Verð frá kr. 1.865

Framlengingarsnúrur 2-25 metra. Verð frá kr

995

Kapalkefli 10 metrar

3.995

Kapalkefli 15 metrar

5.895

25 metrar kr. 7.995
50 metrar kr. 11.995

Kapalkefli, rakavarið IP44 25 metrar

9.995

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Stjórnin boðar mörg eldri mál í bland við ný

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar hefur að geyma bæði endurtekið efni og ný og áhugaverð mál sem verður án efa deilt um á komandi þingvetri.

adalheidur@frettabladid.is

Ráðherrar í nýrri ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur voru skipaðir á ríkisráðsfundi á Bessastöðum í roki og rigningu síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

STJÓRNMÁL Forsætisráðherra lagði línurnar fyrir stjórnartíð nýrrar ríkisstjórnar sinnar í gær með stefnuræðu sinni á Alþingi ásamt framlagningu á þingmálaskrá stjórnarinnar fyrir fyrsta löggjafarþing hennar.

Þingmálaskráin hefur að geyma mörg þeirra mála sem fráfarandi ríkisstjórn sömu flokka náði ekki að ljúka á síðasta kjörtímabili, en einnig eru nokkur ný mál á dagskrá stjórnarinnar þennan fyrsta starfsvetur hennar.

Meðal þess sem helsta athygli vekur eru frumvörp innanríkisráðherra um breytingar á lögreglulögum og lögum um meðferð sakamála, til að bregðast við þörf lögreglunnar fyrir auknar rannsóknarheimildir. Af þingmálaskránni verður ekki annað séð en að markmiðið sé að koma í lög forvirkum rannsóknarheimildum fyrir lögreglu. Um er að ræða málefni sem deilt hefur verið um í íslensku samfélagi í rúman áratug.

Landsréttur áfram í Kópavogi

Innanríkisráðherra mun einnig flytja frumvarp um framlengingu á bráðabirgðaheimildum til rafrænnar málsmeðferðar hjá dómstólum, sem lögfestar voru vegna heimsfaraldursins. Einnig er stefnt að því að framlengja heimild fyrir óbreytta staðsetningu Landsréttar í Kópavogi, en heimild til þeirrar staðsetningar rennur út 1. janúar næstkomandi.

Meðal mála á lista forsætisráðherra er frumvarp um rýni fjárfestinga erlendra aðila í þýðingarmiklum samfélagsinnviðum og tengdri starfsemi vegna þjóðaröryggis, en frumvarpið byggir á skýrslu stýrihóps ráðherra um efnið sem skilað var í maí á þessu ári. Hún mun einnig mæla fyrir frumvarpi um útvíkkaðan forkaupsrétt ríkissjóðs á landi sem liggur að friðlýstum náttúruverndarsvæðum og lands sem hefur að geyma friðlýstar menningarminjar.

Auk sinna venjubundnu frumvarpa sem tengjast fjárlögum hvers árs, stefnir fjármála- og efnahagsráðherra að framlagningu frumvarps um breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Í þingmálaskránni segir að breytingarnar lúti meðal annars að ákvæðum um netverslun, en komið er inn á málið í fjárlagafrumvarpi og þar segir að endurskoðunin eigi að „tryggja skatttekjur ríkissjóðs og mæta þeim kröfum sem gerðar eru í viðskiptaumhverfinu á hverjum tíma. Tæknibreytingar og þróun á sviði stafrænna viðskipta kalla meðal annars á endurskoðun á innheimtu virðisaukaskatts vegna viðskipta yfir landamæri.“

Þá er fjármálaráðherra einnig með í vinnslu ný heildarlög um fjárfestingar og fasteignaumsýslu ríkisins og stefnir að framlagningu slíks frumvarps í mars.

Frumvarp um afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta ávana- og fíkniefna er enn á sínum stað hjá heilbrigðisráðherra og samkvæmt þingmálaskránni hyggst hann leggja það fram í febrúar, þó með einhverjum breytingum. Einnig er á dagskrá heilbrigðisráðherra frumvarp til laga um dýralyf, en um er að ræða innleiðingu reglugerða sem mynda heildarlöggjöf Evrópusambandsins um efnið.

Þjóðgarður og fjölmiðlamál úti

Félags- og vinnumálaráðherra mun leggja fram frumvarp um sorgarleyfi, sem gerir foreldrum sem missa barn sitt kleift að vera í sorgarleyfi í allt að sex mánuði, með greiðslum frá hinu opinbera, og frumvarp til starfskjaralaga, sem sporna eiga gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra mun einnig leggja fram frumvarp sem kveður á um tilfærslu á sjálfstæðum rétti foreldris til fæðingarorlofs til hins foreldrisins, þegar annað foreldrið sætir nálgunarbanni gagnvart barni sínu eða hinu foreldrinu, brottvísun af heimili eða afplánun refsingar fyrir slík brot. Þá er á lista félagsmálaráðherra frumvarp til heildarlaga um réttarstöðu fólks sem öryggisráðstafanir og öryggisþjónusta nær til, með tilliti til persónufrelsis manna og friðhelgi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mun leggja fram frumvarp um opinber innkaup á vistvænum ökutækjum, en um er að ræða breytingu á lögum um loftslagsmál. Þá verður þingsályktunartillaga um verndar- og orkunýtingaráætlun (þriðji áfangi) lögð fram í mars.

Eins og við mátti búast er hins vegar ekkert frumvarp um hálendisþjóðgarð í frumvarpi nýs umhverfisráðherra og þá hefur menningarmálaráðherra ákveðið að gefa frí frá fjölmiðlamálinu í bili, en eins og kunnugt er var málið leyst á síðasta kjörtímabili með tímabundnum ákvæðum um styrki til einkarekinna fjölmiðla.

Leigubílarnir enn á dagskrá

Nýr innviðaráðherra stefnir að endurflutningi nokkurra mála sem ekki náðist á klára á síðasta þingi, þar á meðal um leigubifreiðaakstur, loftferðir, áhafnir skipa og fleiri mál.

Fréttablaðið greindi frá því í síðasta mánuði að Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent íslenskum stjórnvöldum rökstutt álit vegna brota á EES-samningnum með takmörkunum á úthlutun leigubílaleyfa. Samgönguráðherra sagði álitið setja leigubílafrumvarpið í forgang á nýju þingi, sem gæti opnað fyrir farveitur á Íslandi.

Innviðaráðherra stefnir einnig að framlagningu frumvarps um íbúakosningar á sveitarstjórnarstigi, breytingar á hafnalögum sem fela meðal annars í sér gjaldtöku vegna fiskeldis og frumvarp um uppbyggingu nýrrar mannvirkjaskrár, sem á að innihalda gögn um mannvirki á Íslandi og byggingarstig þeirra.

Ekki eru mörg mál á lista mennta- og barnamálaráðherra, en víða í þingmálaskránni er þó að finna frumvörp sem eru hluti af hans stóra verkefni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Nýr vísinda-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra ætlar að koma á laggirnar Menntarannsóknasjóði með áherslu á rannsóknir á skóla- og frístundastarfi. Sjóðurinn mun hafa til umráða 80 milljónir og mun úthluta 60 milljónum árlega.

Fáum ferskt kjöt frá Bretlandi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun meðal annars endurflytja mál um styrkingu eftirlits með fiskveiðum, en frumvarpið var samið í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu. Þá mun utanríkisráðherra mæla fyrir sérstakri löggjöf í tengslum við fríverslunarsamning við Bretland. Er þar meðal annars kveðið á um heimild til innflutnings á fersku kjöti og sambærilegum vörum frá Bretlandi.

Sem fyrr segir er töluverður fjöldi mála í þingmálaskrá nýrrar ríkisstjórnar þekktur úr þingmálaskrám síðasta kjörtímabils, en heimsfaraldurinn setti töluvert strik í reikning ríkisstjórnarinnar, auk þess sem alls ekki reyndist samstaða um öll mál.

Þó eru einnig mál sem dagaði uppi á síðasta kjörtímabili, en er þó hvergi að sjá í þessari fyrstu þingmálaskrá nýrrar ríkisstjórnar. Má þar nefna frumvarp um hálendisþjóðgarð, frumvarp um rekstrarstyrki til einkarekinna fjölmiðla og frumvarp fyrrverandi dómsmálaráðherra um mannanöfn, svo fátt eitt sé nefnt. ■

Jón, nýtekinn við lyklunum af Áslaugu í ráðuneyti löggæslumála.

Forvirkar rannsóknarheimildir komnar á dagskrá á ný

Í fyrirhuguðu frumvarpi um breytingar á lögreglulögum, sem innanríkisráðherra hyggst leggja fram í janúar, segir meðal annars:

„Markmiðið með breytingunum er að skýra heimildir lögreglu til að grípa til ráðstafana í þágu afbrotavarna að gættum stjórnarskrárvörðum grundvallarréttindum borgaranna. Heimildirnar varða sérstaklega afbrot eða athafnir sem raskað geta öryggi borgaranna og ríkisins, svo og afbrot sem felast í skipulagðri brotastarfsemi, dreifingu á stafrænu kynferðisofbeldi gegn börnum, netbrotum og/eða árásum, þar á meðal gegn æðstu stjórn ríkisins og hryðjuverkum.

Samhliða þessu frumvarpi mun ráðherra einnig leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um meðferð sakamála, í þágu sömu markmiða, það er vegna skipulagðrar brotastarfsemi, meðal annars um lengd gæsluvarðhalds og aðgang að gögnum.

Willum Þór Þórsson hefur tekið við lyklavöldum af Svandísi Svavarsdóttur og mun meðal annars endurflytja fíkniefnamál hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Þjóðin fær frí frá deilum um hálendisþjóðgarð og styrki til einkarekinna fjölmiðla á fyrsta þingi kjörtímabilsins.

Dæmi um endurflutt mál frá síðasta kjörtímabili:

- Afnám refsinga fyrir vörslu neysluskammta ólöglegra vímuefna.
- Heimild til sölu áfengis á framleiðslustað.
- Bætt réttarstaða fatlaðra, brotaþola og aðstandenda við meðferð sakamála.
- Umgjörð um innflutning og eftirlit með nikótínvörum.
- Þyngri refsingar við vörslu myndefnis af barnaníði og hatursorðræðu.
- Breyting á hjúskaparlögum um undanþágu frá ákvæði um aldur hjónaefna.
- Endurskoðun laga um leigubifreiðar.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Tilnefning

TIL HAMINGJU!

Við óskum höfundunum til hamingju með tilnefningarnar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

BARNA- OG UNGMENNABÆKUR



Arndís Þórarinsdóttir

Margrét Tryggvadóttir, Linda Ólafsdóttir

SKÁLDVERK



Arnaldur Indriðason

Hallgrímur Helgason

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Þóra Hjörleifsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir, Þórdís Helgadóttir, Fríða Ísberg

FRÆÐIBÆKUR OG RIT ALMENNS EFNIS



Þórunn Jarla Valdimarsdóttir



Snorri Baldursson

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar-, viðskipta- og ferðamálaráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Vill tengja saman menningu og ferðaþjónustu

magdalena@frettabladid.is

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, nýr menningar-, viðskipta- og ferðamálaráðherra, vill tengja betur saman menningu og ferðaþjónustu. Þetta sagði hún í viðtali í sjónvarpsþættinum Markaðnum, sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Ég tel að það þurfi að tengja betur saman menningu og ferðaþjónustu og ég tel að í því felist mikil tækifæri. Það er til að mynda hægt að nýta söfnin okkar betur en við erum með mjög öflugt fólk á þeim vettvangi."

Aðspurð hvort stjórnvöld muni ráðast í aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja segir Lilja að það að hætta við gistináttaskattinn hafi verið liður í því.

„Eins og stendur í fjárlagafrumvarpinu höfum við hætt við gistináttaskattinn eða ákveðið að fresta honum og það er einn liður í því. Síðan var ráðist í umfangsmikla aðgerðaáætlun, en við vöktum stöðu ferðaþjónustunnar mjög vel enda skiptir hún miklu máli í viðspyrnunni.

Aðspurð hvort stjórnvöld hafi gengið of langt í takmörkunum á landamærum í ljósi þess að við séum með hörðustu takmarkanir á landamærum meðal nágrannaþjóða, segir Lilja að huga þurfi að jafnvægi í þeim efnum.

„Nei, ég tel ekki að stjórnvöld hafi gengið of langt. Það þarf að vera ákveðið jafnvægi í sóttvarnaaðgerðum því hvað gerist ef við missum faraldurinn frá okkur og verðum eldrauð? Það er ekki gott fyrir ferðaþjónustuna. Það þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki en jafnframt þarf að bregðast við og taka ákvarðanir þegar sú staða kemur upp."

Í þættinum voru ýmis fleiri mál rædd og má þar helst nefna áherslur Lilju í nýju ráðuneyti, vinnumarkaðinn, sölu bankanna og menningu. ■

Hissa á umhverfisráðherra að verja ekki Laufeyju Helgu opinberlega

Stjórnarmenn í Úrvinnslusjóði segja að fráfarandi stjórnarformaður sjóðsins hafi notið fulls trausts og afsögn hennar tengist á engan hátt vandamálum sem upp hafa komið í tengslum við sjóðinn.

elinhirst@frettabladid.is

Stjórnarmenn í Úrvinnslusjóði furða sig á því að umhverfisráðherra skuli ekki hafa komið Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur, fráfarandi stjórnarformanni sjóðsins, til varnar. Laufey sagði af sér stjórnarformennsku á dögunum vegna anna, en það var sett í samband við vandræðamál sem upp höfðu komið hjá Úrvinnslusjóði og að ársreikningum hafði ekki verið skilað. Sjóðurinn sætir einnig úttekt hjá Ríkisendurskoðun að beiðni Alþingis. Rætt var við Benedikt S. Benediktsson og Lárus M.K. Ólafsson í Markaðnum á Hringbraut í gærkvöldi um málefni Úrvinnslusjóðs.

„Laufey var skipuð 2019 og hófst strax handa við að ráðast í stefnumótun fyrir sjóðinn og hverju þyrfti að breyta og bæta. Hún kom inn með ákveðinn sprengikraft sem hafði vantað. Hún naut trausts allra stjórnarmanna," segir Benedikt S. Benediktsson, stjórnarmaður í Úrvinnslusjóði frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Lárus M.K. Ólafsson sem einnig á sæti í stjórn sjóðsins tekur í sama streng: „það er mikill söknuður að Laufeyju Helgu, störf hennar voru til fyrirmyndar."

Hlutverk Úrvinnslusjóðs er að koma tilteknum úrgangi sem til fellur hér innanlands í rétta meðhöndlun, endurvinnslu, endurnýtingu eða annan farveg, þegar ekki er unnt að vinna áfram með úrganginn, svo sem brennslu.

Um er að ræða úrgang eins og olíuvörur, leysiefni, rafhlöður, kælimiðla, hjólbarða, pappaumbúðir, raftæki, plastumbúðir, aðrar en skilagjaldsumbúðir, heyrúlluplast, veiðarfæri og ökutæki.

Úrvinnslugjöld eru lögð á innfluttar vörur og vörur sem eru framleiddar hér innanlands sem renna í ríkissjóð sem veitir síðan fjármunum til Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóðurinn greiðir síðan fyrirtækjum eins og Sorpu, Íslenska gámafélaginu, Terra, sveitarfélögum og fleirum fyrir að ráðstafa úrganginum á grundvelli verksamninga.

Mikið af úrgangi safnaðist upp í Evrópu eftir lögregluannsókn Interpol sem leiddi í ljós að víða voru brögð í tafli í plastendurvinnsluiðnaði þar sem plast lá víða á glámbekk í stað þess að fara í endurvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Laufey Helga kom inn með ákveðinn sprengikraft sem hafði vantað. Hún naut trausts allra stjórnarmanna.

Laufey Helga Guðmundsdóttir, fráfarandi stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs

Lárus M.K. Ólafsson, stjórnmaður í Úrvinnslusjóði

Benedikt S. Benediktsson, stjórnmaður í Úrvinnslusjóði

Mörg mál hafa skekið Úrvinnslusjóð, eins og áður var nefnt sætir sjóðurinn úttekt hjá Ríkisendurskoðun að beiðni Alþingis. Þá hefur Úrvinnslusjóður lent í vanda vegna viðskipta við sænska endurvinnslufyrirtækið Swerec, sem ekki hefur staðið við skuldbindingar sínar.

Brögð hafa einnig reynst í tafli í plastendurvinnsluiðnaði víða um heim og skarst alþjóðalögreglan Interpol í leikinn og hóf lögregluannsókn sem lauk árið 2020. Í kjölfarið var ákveðið að setja ströng skilyrði fyrir útflutningi á plastúrgangi út fyrir OECD-svæðið. Afleiðingin varð sú að mikið magn plasts safnaðist upp í Evrópu.

Að sögn Benedikts og Lárusar, stjórnarmanna í Úrvinnslusjóði, hefur verið unnið mikið starf að undanförnu við að uppfæra skilmála sjóðsins og upplýsingagjöf hans.

Gagnrýnt hefur verið að Úrvinnslusjóður hafði ekki birt ársreikninga í nokkur ár, en það var loks gert 22. nóvember síðastliðinn.

Benedikt og Lárus segja að ástæða fyrir þessu sé misræmi sem hafi skapast við gildistöku laga um opinber fjármál. Þau lög geri ráð fyrir því að tekjur af úrvinnslugjaldi renni í ríkissjóð, en á móti hafi sjóðurinn notið framlaga samkvæmt fjárlögum. Áfram hafi hvílt sú lagaskylda á sjóðnum að skipta tekjunum upp í sjálfstæða uppgjörsflokka, enda eigi til dæmis tekjur af pappaumbúðum að standa undir kostnaði sem fellur á sjóðinn þegar slíkum umbúðum er komið í réttan úrvinnslufarveg.

Þar með blasi við að fyrirliggjandi tillögur að ársreikningum, unnar samkvæmt ráðleggingum opinberra aðila, hafi ekki endurspeglað bókhald sjóðsins eða sýnt glögga mynd af stöðu hans. ■



246 milljóna hagnaður

helgivifill@frettabladid.is

Félag Kára Guðjóns Hallgrímssonar, stjórnanda á skuldabréfasviði fjárfestingabankans JP Morgan í London, hagnaðist um 246 milljónir króna árið 2020. Árið áður nam hagnaðurinn 105 milljónum króna.

Eigið fé Vindhamars, fjárfestingafélags Kára Guðjóns, jókst í 1,7 milljarða króna á árinu 2020 úr 103 milljónum árið áður. Aukninguna má einkum rekja til 1,3 milljarða króna hlutafjáraukningar. Fram kemur í ársreikningi að 828 milljóna króna skuld við eiganda hafi verið breytt í hlutafé. Félagið var skuldlaust við árslok 2020. Eignir Vindhamars í ýmsum skráðum félögum í kauphöll voru bókfærðar á 585 milljónir og eignarhlutir í óskráðum félögum á 857 milljónir króna. Á meðal eigna eru hlutir í Stoðum og Múrbúðinni. ■

Vogabakki tapaði 331 milljón króna

helgivifill@frettabladid.is

Árni Hauksson, fjárfestir

Fjárfestingafélagið Vogabakki tapaði 2,2 milljónum evra, jafnvirði 331 milljónar króna, árið 2020 samanborið við 4,1 milljónar evru hagnað, jafnvirði 608 milljóna króna, árið áður. Vogabakki er í eigu Árna Haukssonar fjárfestis og hjónanna Hallbjörns Karlssonar fjárfestis og Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur framkvöðuls.

Stjórn lagði til að greiddur yrði 2,3 milljóna evra arður til hluthafa, jafnvirði 341 milljónar króna, að því er fram kemur í ársreikningi.

Eigið fé Vogabakka nam tæpum 22 milljónum evra, jafnvirði 3,2 milljarða króna, og eiginfjárhlutfallið var 91 prósent við árslok.

Meirihluti eigna Vogabakka er erlendis, samkvæmt bókfærðu virði. Fjárfestingafélagið hefur dregið verulega úr stöðu sinni á skráðum erlendum hlutabréfum. Árið 2019 nam eignin 13,8 milljónum evra, jafnvirði tveggja milljarða króna, en við árslok 2020 nam staðan 2,8 milljónum, jafnvirði um 419 milljóna króna. Handbært fé jókst úr 4,3 milljónum evra í 12,4 milljónir evra, jafnvirði 1,7 milljarða króna. Óskráð erlend hlutabréf Vogabakka eru bókfærð á um 2,6 milljónir evra.

Óskráð innlend hlutabréf voru bókfærð á 3,9 milljónir evra, jafnvirði tæplega 600 milljóna. Vogabakki á 58 prósenta hlut í Múrbúðinni sem bókfærður var á 1,5 milljónir evra við árslok 2020. ■

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

5 enox.® JÓLADAGAR

2.-6. desember

25%

Rafhlaupahjól ENOX ES200

Mótorstærð 300W. 3 hraðastillingar. Ræsing með lykli. Auðvelt að hækka og lækka stýrið, rafmagsgjöf í handfangi. Brjóta má stýrið saman með 2 smellum. Framljós, afturljós, bremsuljós og flauta. Hámarksþyngd notanda 100 kg. Lithium rafhlaða 36V/7,8Ah. LCD skjár fyrir hraða, rafhlöðustöðu og gíra. Fjöðrun að framan og aftan. Drægni 22-28 km.

ES200
3903102

29.900kr
~~39.900kr~~

15%

Rafhlaupahjól ENOX-YADEA L5

Allt að 30 km drægni. Öflugur mótor með allt að 700W hámarksafli. Tvöfalt bremsukerfi með 140 mm diskabremsu. Burðargeta 100 kg, lyklalæsing. 10" uppblásin dekk með sjálfvirku viðgerðarkerfi. 20 cm breytt bretti úr 6 laga harðvið. Cruse Control.

L5
3903112

39.900kr
~~45.900kr~~

25%

Rafmagnshjól ENOX YADEA EBX37 kvenmanns / EBX34 karlmanns

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

EBX37 - EBX34
3903103, 3903104

127.425kr
~~169.900kr~~

enox.® enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

Aðalvík er tilkomumikil séð ofan af heiðum austan hennar og útlínur hennar minna á gapandi gin risaeðlu. MYNDIR/ÓMB

Gapandi gin Hornstranda

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Hornstrandir draga nafn sitt af útverðinum Horni sem veit beint í norður. Austan við það er Hornbjarg og vestan þess Hornvík. Enn vestar eru Hælavík, Hlöðuvík, Fljótavík, Rekavík bak Látur og loks Aðalvík, sem er þeirra stærst. Hún er 7 km breið og liggur milli Straumnesfjalls í norðri og Ryts í suðri, en á landakorti minnir hún á gapandi gin risaeðlu. Aðalvík er tvímælalaust ein af perlum friðlandsins á Hornströndum, en þar voru fyrrum tvö sjávarþorp, Látrar og Sæból. og bjuggu í þeim þegar mest var í upphafi síðustu aldar hátt í 120 og 80 manns. Síðan hnignaði byggðinni og síðustu ábúendur fluttu úr Aðalvík 1952. Ári síðar, í miðju kalda stríðinu, reistu Bandaríkjamenn flugvöll við Látra en einnig veg og járnbraut upp á Straumnesfjall. Má enn sjá leifar hernaðarmannvirkja efst á fjallinu, líkt og á fjallinu Darra sunnar í Aðalvík, sem Bretar reistu í seinna stríði. Í Aðalvík er einnig að finna gamla kirkju og sumarbústaði fólks sem á ættir sínar að rekja þangað, en áður fyrr héldu einnig til í Víkinni franskir duggarar sem leituðu þar skjóls við veiðar sínar við landið.

Það er óhætt að mæla með heimsókn í Aðalvík sem býður upp á spennandi gönguleiðir við allra hæfi. Margir kjósa að sigla beint í Aðalvík frá Ísafirði eða Bolungarvík, en einnig má fylgja fallegri gönguleið frá Hesteyri yfir Hesteyrarskarð. Ströndina prýðir víða ljós fjörusandur sem fer vel við grænt undirlendið og fjallahringinn upp af ströndinni. Við Látra er einfalt tjaldstæði þar sem tilvalið er að halda til. Auðvelt er að ganga upp á Straumnesfjall eftir gamla veginum og sést þá vel yfir Aðalvíkina og ofan í Rekavík. Lengri gönguleið liggur í suður að fjallinu Hvarfnúpi og þaðan áfram að voldugum og þverhníptum klettum fjallsins Ryts. Hægt er að ganga yfir á Hesteyri eftir hlíðum Hundamúla og ofan svokallaðs Sléttubjargs Þar er vinalegt tjaldstæði en í Gamla læknishúsinu er veitingasala á sumrin en þar ku einnig vera draugagangur. Frá Hesteyri má síðan halda aftur sjóleiðina yfir Ísafjarðardjúp eða loka hringnum með því að ganga yfir í Aðalvík og sigla þaðan með bát til Ísafjarðar eða Bolungarvíkur. ■



Sandströnd Aðalvíkur gefur erlendum sólarströndum ekkert eftir, enda þótt lofthiti sé lægri.



Fjallið Rytur við sunnanverða Aðalvík er mikið fyrir augað og setur sterkan svip á umhverfið.

Pakkaafsláttur 20%

Skíða, bretta og gönguskíðapakkar

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is

Börnin okkar

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Þriggja ára drengur sér fram á langa bið eftir að komast að hjá talmeinafræðingi. Á meðan mun málþroski hans ekki dafna, heldur þvert á móti veikjast.

Tveggja ára börn bíða misserum saman eftir því að komast að í þroskagreiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, biðtíminn er raunar upp eftir öllum aldri; var 10 til 17 mánuðir hjá börnum allt að átján ára fyrir 5 árum, en hefur bara lengst, var 13 til 24 mánuðir fyrir þennan aldurshóp á síðasta ári.

Á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans bíða börn nú að meðaltali tveimur mánuðum lengur en fyrir tveimur árum. Og í tilviki barna sem glíma við átröskun hefur biðin aldrei verið lengri á þessari deild einnar allrar mikilvægustu stofnunar landsmanna.

Foreldrar barna sem þurfa á tannréttingum að halda hafa aldrei þurft að taka jafn mikinn þátt í útlögðum kostnaði vegna vandans sem oft og tíðum eyðileggur bitið og tennurnar ef fjárhagur heimilisins ræður ekki við kostnaðinn. Eini frádrátturinn er styrkur upp á 100 til 150 þúsund krónur frá Sjúkratryggingum nema í alvarlegustu undantekningartilvikunum. Styrkirnir hafa ekki hækkað í tvo áratugi. 150 þúsund króna styrkur ætti samkvæmt verðlagshækkunum að vera 340 þúsund krónur í dag.

Þessi nauðsynlega þjónusta sem áður var ókeypis kostar nú foreldrana milljónir – og milljónir ofan ef um fleiri en eitt barn á heimilinu er að ræða, sem oft er raunin. Fyrir vikið fá mörg börn ekki meðhöndlun og læra að lifa með lokaðan munninn.

Fjárlög snúast um forgangsatriði. Þar eru börnin okkar ekki ofarlega á blaði. Þau sitja þar mörg hver eftir og tapa heilsunni, tapa brosinu. ■

> Fjárlög snúast um forgangsatriði. Þar eru börnin okkar ekki ofarlega á blaði.

Konan bíður

Guðrún Hafsteinsdóttir vann eftirminnilegan kosningasigur fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurkjördæmi í haust. Hún hefur verið foringi í íslensku atvinnulífi um árabil, svo eftir hefur verið tekið – og er núna glæsilegur fulltrúi einkaframtaksins inni á þingi, þaulvön fyrirtækjarekstri fyrir austan fjall. Margir spáðu henni ráðherradómi í vetrarbyrjun. En hún þarf að bíða, ólíkt körlunum sem komast í fyrsta sinn á þing, svo sem nokkur dæmi eru um – og má nefna þar formann flokksins fyrir þrjátíu árum. ■

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Klúður í kössum
Hvimleið ára klúðurs og almenns sleifarlags svífur enn yfir nýsettu Alþingi. Í það minnsta þegar talningar og úthlutun þingsæta eru annars vegar, og sem fyrr tókst Birgi Ármannssyni að vera í brennidepli þegar formaður kjörbréfanefndar lét það verða sitt fyrsta verk sem nýr forseti Alþingis að draga kúlur í sætabingói þingsins upp úr röngum kössum. Þótt ætla megi að Birgir sé kominn með bráðaofnæmi fyrir endurtalningum og uppkosningum hvers konar, neyddist hann til þess að gera fundarhlé á meðan bingókúlurnar voru flokkaðar og hægt að hefja leikinn að nýju.

Bigga lottó
Málið er að vonum viðkvæmt þar sem misgóð sæti og sessunautar eru í húfi. Birgir hefur sjálfur þótt afar farsæll í sætahappadrættinu og hefur notið þess að þingflokksformönnum eru tryggð góð sæti og sem forseti nýtur hann friðhelgi. Hann var til dæmis afskaplega hress með að dragast við hlið Ingu Sæland 2019, en skildi nú við hana með því að draga Bergþór Ólason handa henni í sinn stað. Grunnt hefur verið á því góða milli Ingu og klaustursgengis Bergþórs og spurning hvort Inga sæti færis úr norðvesturátt og krefjist uppdráttar í ljósi kassaklúðursins í upphafi þingfundar. ■

Við viljum samfélag án kynferðisbrota

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
ríkislögreglustjóri

> Tilkynntum kynferðisbrotum til lögreglu hefur fjölgað undanfarin fimm ár.

Við viljum samfélag án kynbundins ofbeldis og kynferðisbrota. Þess vegna hleypum við nú af stokkunum, Ríkislögreglustjóri og Neyðarlínan, átaki sem er ætlað að fæla framtíðarbrotamenn frá því að beita ofbeldi. Í herferð, sem verður beint að karlmönnum á aldrinum 18-35 ára, er athygli vakin á óeðlilegum viðhorfum í samskiptum karla við konur. Með þessu viljum við taka skref í átt að samfélagi án kynferðisbrota.

Langt er enn í það markmið. Rannsóknir sýna að eitt helsta einkenni kynferðisbrota er hversu lágt hlutfall þolenda kærir til lögreglu. Í löggæsluáætlun fyrir 2019-2023 er markmið að auka hlutfall brota sem eru tilkynnt og að brotunum sjálfum fækki.

Tilkynntum kynferðisbrotum til lögreglu hefur fjölgað undanfarin fimm ár. Sú þróun heldur áfram en fjöldi tilkynntra kynferðisbrota til lögreglu eru um 560 það sem af er þessu ári en voru að meðaltali um 480 á sama tímabili síðustu 3 ár á undan.

Lögreglu hafa borist 184 tilkynningar vegna nauðgana það sem af er ári en þær voru 143 á sama tímabili í fyrra. Að meðaltali var því tilkynnt um 18 nauðganir á mánuði á fyrstu tíu mánuðum þessa árs sem er sami fjöldi og síðustu ár, að árinu í fyrra undanskildu þegar Covid hafði í för með sér miklar samkomutakmarkanir.

Tilkynnt kynferðisbrot gegn börnum voru 119 á fyrstu tíu mánuðum þessa árs, eða 25% fleiri en síðustu þrjú ár á undan. Aldrei hafa fleiri tilkynningar vegna „barnaníðs“, þ.e.a.s. haldlagning mynda og myndskeiða, borist fyrstu 10 mánuði ársins, en tilkynningar um slíkt eru 34 það sem af er ári.

Við verðum að gera betur. Hjálpumst að við að skapa samfélag án kynbundins ofbeldis og kynferðisbrota. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hagsmunaöflin fá sviðið

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

„Stefna Besta flokksins er byggð á því besta úr öllum öðrum stefnum.

Við byggjum mest á stefnum sem lagt hafa grunninn að velferðarsamfélögum Norðurlandanna og Norður Evrópu. Það hljómar mjög vel núna ...

Vegna þessa á Besti flokkurinn enn brýnna erindi en áður og mikilvægt að hann verði leiðarljósið við endurreisn efnahagslífs, stöðugleika, velferðar og bættra lífskjara, ljósberinn sem leiðir okkur úr myrkri fornalda og til framtíðar.

En við viljum líka viðhalda opnu markaðskerfi og frelsi í viðskiptum án afskipta hins opinbera.

Í raun erum við samt ekki með neina stefnu en við þykjumst vera með hana.“

Endurspeglun

Í fáum orðum er ekki unnt að endurspegla endurnýjaða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar betur en með tilvitnun í þessa ellefu ára gömlu stefnuskrá Besta flokksins.

Hún leiddi þá til eins mesta stjórnmálasigurs á þessari öld. Komandi kjörtímabil getur í því ljósi heppnast vel. En það er háð heppni.

Á 57 blaðsíðum er allt upp talið, sem allir geta helst hugsað sér. Aftur á móti er hvergi sagt hvaða leið eigi að fara til að ná settum markmiðum. Þar sem markmiðin eru ósamrýmanleg er ekki mælt fyrir um forgang.

Niðurstaðan er þessi: Góður óskalisti, engin stefna, nema um þá hluti sem ekki má breyta.

Þau ráða

Hverjir munu þá fylla pólitíska tómarúmið og ráða för á kjörtímabilinu? Líklegt er að þrír kraftar togist helst á. Enginn þeirra hefur lýðræðislegt umboð.

Í fyrsta lagi verður Seðlabankinn, innan lögbundinna marka, eini opinberi aðilinn með skýra efnahagsstefnu. Peningastefna embættismanna verður miklu fyrirferðarmeiri þegar ríkisstjórnin er hlutlaus.

Í öðru lagi er hætt við að ytri áhrif eins og innflutt verðbólga verði ýktari en vera þyrfti, þegar ríkisstjórn fylgir engri mótaðri efnahagsstefnu.

Í þriðja lagi er ljóst að hagsmunaöfl á vinnumarkaði og í einstökum atvinnugreinum munu ráða mestu um framvindu mála.

> Vonin um að eitthvað betra gerist í raun sést ekki í stjórnarsáttmálanum.

Næstu fjögur ár verður sviðið þeirra. Samkeppni þeirra um áhrif verður afar hörð.

Sigurvegarar

Óvenju stórtæk pólitísk kosningabaráttа hagsmunasamtaka í haust var bara vísir að því sem koma skal.

Samtök atvinnulífsins eru sigurvegari nýja stjórnarsáttmálans.

Þau ná öllum þremur markmiðum sínum úr kosningabaráttunni: Óbreytt stjórn, skipt um heilbrigðisráðherra og pottlok á umræður um kerfisbreytingar.

Of lítill vöxtur

Í síðustu Vísbendingu skrifar aðalhagfræðingur Seðlabankans um nýjustu greiningu bankans. Þar kemur fram að hagvöxtur á næsta ári verður vel viðunandi. Vegna loðnu náum við þá aftur verðmætasköpun ársins 2019. Flest lönd á EES-svæðinu hafa þó verið heldur fyrri til.

Á árunum 2023 og 2024 reiknar bankinn hins vegar með meira en helmingi minni hagvexti. Það sem hættulegra er: Útlit er fyrir að utanríkisviðskiptin minnki hagvöxtinn. Við vöxum ekki út úr vandanum með því móti.

Vonin um að eitthvað betra gerist í raun sést ekki í stjórnarsáttmálanum. Hún ræðst alfarið af því hvaða hagsmunaöfl verða ríkjandi á næstunni eða hvað þau hugsanlega koma sér saman um.

Of mikil verðbólga

Aðalhagfræðingur Seðlabankans telur einnig að verðbólguhorfur eins og bankinn hefur lýst þeim geti verið of bjartsýnar.

Einn óvissuþáttur, sem hann nefnir í því sambandi eru ríkisfjármálin. Í stjórnarsáttmálanum er ekkert að finna, sem eyðir eða dregur úr þeirri óvissu.

Annar óvissuþáttur, sem aðalhagfræðingurinn bendir á, er framvinda kjaraviðræðna og þróun húsnæðisverðs. Í stjórnarsáttmálanum er engin launastefna. Að því leyti eykur hann verðbólguóvissuna.

Opnað fyrir höfrungahlaup

Hlutleysisstefna í efnahagsmálum galopnar dyr fyrir nýtt höfrungahlaup á vinnumarkaði.

Það er ekki þar með sagt að höfrungahlaup sé óumflýjanlegt. En það er fremur heppni, ef við sleppum við það.

Auðna okkar ræðst sem sagt ekki í lýðræðislegum kosningum heldur af hinu, hvaða hagsmunaöfl verða ofan á.

Hófsamar launahækkanir tryggja ekki einar og sér stöðugleika. Forsenda þeirra er stöðugur gjaldmiðill og skýr langtímastefna í húsnæðismálum, sem auðveldar ungu og efnalitlu fólki að eignast þak yfir höfuðið.

Ríkisstjórnin vill allt þetta. Hún eftirlætur bara öðrum að hafa forystu um hvort það gerist eða gerist ekki. ■

Þó að þú hjálpir henni heim,
þá skuldar hún þér **ekki neitt.**

EKKI VERA
ÞESSI GAUR

112 EINN EINN TVEIR

LÖGREGLAN

SEGÐU FRÁ 112 EINN EINN TVEIR

Lífsbjargandi meðferð í heimsfaraldri

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir
hjúkrunarfræðingur og aðstoðarmaður forstjóra á Vogi

Júlía Guðrún Aspelund
lýðheilsufræðingur og verkefnastjóri á Vogi

Á tímum Covid-heimsfaraldurs berast fréttir af því að aldrei hafi fleiri látist í Bandaríkjunum af völdum of stórra skammta af vímuefnum en í ár. Sérfræðingar telja að helstu ástæður séu vaxandi notkun á ópíóíðum og sú staða að vegna áhrifa Covid fái vímuefnanotendur minni þjónustu og stuðning frá ofhlöðnu heilbrigðiskerfi. Dauðsföll vegna ofskömmtunar í Bandaríkjunum hafa aukist um 30% á milli ára og sér enn ekki fyrir endann á þeirri þróun. Ungt fólk á aldrinum 25-55 ára deyr í blóma lífsins og skilur eftir sig fjölskyldur og börn. Afleiddur vandi er mikill og dýr fyrir samfélagið allt.

Hér á Íslandi sjáum við líka vaxandi vanda vegna notkunar á ópíóíðum og nú reynast um 25% þeirra sem leggjast inn á Vog hafa notað ópíóíða. Hluti þeirra (10%) er með alvarlega fíkn og sprauta þessum morfínskyldu lyfjum í æð, sem auk þess að hafa í för með sér aukna hættu á ofskömmtun og dauða hefur líka aukna áhættu á að smitast af HIV eða lifrarbólgu C.

Á sjúkrahúsinu Vogi hefur frá 1999 verið veitt gagnreynd lyfjameðferð við ópíóíðafíkn (LOF) með buprenorphine og methadone. Hún fækkar dauðsföllum, minnkar skaða og leiðir til bata vegna alvarlegrar fíknar.

Dauðsföll vegna ofskömmtunar hafa blessunarlega ekki aukist í sama hlutfalli við aukningu á neyslu á Íslandi og í Bandaríkjunum. SÁÁ hefur tryggt gott aðgengi að LOF og áframhaldandi þjónustu og stuðningi við vímuefnanotendur, þrátt fyrir áhrif yfirstandandi Covid-faraldurs. Samkvæmt Dánarmeinaskrá Embættis landlæknis hafa frá 2015 verið skráð á bilinu 4-13 dauðsföll á ári vegna eitrunar af ópíumefnum en síðasta ár voru 8 dauðsföll og stóð í stað milli ára. Á sama tíma jókst hlutfall sjúklinga sem nota ópíóíða og leggjast inn á Vog um 34%.

Kostnaðarskipting vegna LOF-meðferðar



Látnir úr ópíumeitrun skv. dánarmeinaskrá EL



Hlutfall sjúklinga sem nota ópíóíða á sjúkrahúsinu Vogi



> Hér á Íslandi sjáum við líka vaxandi vanda vegna notkunar á ópíóíðum og nú reynast um 25% þeirra sem leggjast inn á Vog hafa notað ópíóíða.

Önnur skaðaminnkandi áhrif lyfjameðferðar við ópíóíðafíkn má sjá í tölum um algengi smitsjúkdóma sem smitast á milli einstaklinga í virkri vímuefnaneyslu um æð. Á sjúkrahúsinu Vogi hefur farið fram skimun og meðferð við lifrarbólgu C í samstarfi við Landspítala. Einstaklingar sem fá lyfjameðferð við ópíóíðafíkn ná betri árangri í meðferð við lifrarbólgu C og hefur algengi lifrarbólgu C meðal einstaklinga sem hafa sögu um vímuefnaneyslu í æð, lækkað um 75% , árangur sem vakið hefur heimsathygli.

Þrátt fyrir vitneskju um þörf og augljósan árangur af lyfjameðferð við ópíóíðafíkn hefur framlag ríkisins til þessarar lífsbjargandi meðferðar staðið í stað síðan 2014. Einungis eru greiddar 25 milljónir króna á ári fyrir þessa þjónustu samkvæmt núgildandi samningum. SÁÁ hefur brúað bilið með sjálfsaflafé og þannig tryggt lífsnauðsynlega þjónustu fyrir sívaxandi hóp, en ljóst er að heilbrigðisyfirvöld þurfa að stíga inn með afgerandi hætti og leggja til meira fjármagn í samningum við SÁÁ. Þetta er dauðans alvara. ■

Kolefnissporið mitt – þitt og okkar allra

Guðný Anna Annasdóttir
rithöfundur og útgefandi

Hvað með íslensku slagorðin „Veljum íslenskt“ og „Ísland, já takk“? Hvað erum við að hugsa varðandi prentun íslenskra bóka?

Íslenskar bækur eru í dag prentaðar í fjölmörgum löndum, heimsálfum og til sölu á íslenskum bókamarkaði.

Samkvæmt Viðskiptablaðinu 2. desember 2020, var fjöldi prentaðra bóka erlendis 519 (79,6%) og fjöldi prentaðra bóka á Íslandi 133 (20,4%). Það verður áhugavert að fylgjast með hver niðurstaðan verður í desember 2021.

Þegar horft er á prentun barnabóka á Íslandi 2021 og samanburður gerður á prentun 2019 og 2020, koma í ljós áhugaverðar staðreyndir.

Árið 2019 voru prentaðar 225 barnabækur á íslensku. Prentaðar erlendis voru 202 (90%) og prentaðar á Íslandi 23 (10%)

Sviðsmyndin 2020 var 241 prentuð barnabók á íslensku. Þar af var prentuð 221 (92%) bók erlendis en 20 (8%) barnabækur á Íslandi.

Bókasafn á höfuðborgarsvæðinu gaf út lista yfir nýútgefnar barnabækur á íslensku fyrir septembermánuð 2021. Á þessum lista eru 13 nýjar barnabækur.

Það er 1 (7,67%) bók „Ljóni og Lindís plokka“ prentuð á Íslandi hjá Prentmet Odda og 12 (92,33%) bækur prentaðar erlendis.

Þessi samanburður sýnir augljóslega að prentun íslenskra barnabóka á stórlega undir högg að sækja. Kemur það til með að heyra sögunni til að það verði í framtíðinni prentaðar barnabækur á íslensku á Íslandi? Því prentun barnabóka er sá bókaflokkur, sem titlum prentuðum á Íslandi fækkar mest.

Einhver getur sagt: „Er þetta ekki allt í lagi, við búum í alþjóðlegu samfélagi“. Þar af leiðandi fara íslenskir útgefendur með bækur í prentun hvar sem er í heiminum, ef það er ódýrara en á Íslandi.

Það má setja spurningu við, hversu mikið ódýrara er að prenta barnabækur erlendis. Hvaða þjónustu ertu að fá varðandi þessa prentun? Hver eru gæði prentunarinnar?

Það getur verið að þetta sé ódýrara fyrir útgefandann, en er það hagkvæmara fyrir íslenskt samfélag? Hvert er kolefnisspor þess að prenta erlendis andstætt því að prenta á Íslandi? Hver króna sem fer í að prenta erlendis skapar ekki margföldunaráhrif á Íslandi, heldur skapar störf erlendis.

Við þurfum líka að spyrja okkur, erum við með þessu að styðja við erlend láglaunastörf eða barnaþrælkun?

Á Íslandi er notuð græn orka. Hvernig orka er notuð við að prenta bækur erlendis? Eru það kol? Er prentunin Svansvottuð? Og svona mætti lengi spyrja.

Hvað gerist ef þessi mikla bókmenntaþjóð hefur ekki lengur möguleika á innlendri prentun? Það má ekki gleyma að í prentun bóka liggur mjög mikil fagþekking. Íslenska þjóðin hefur notið íslensk prentaðra bóka í ca. 500 ár. Þetta er stórkostlegur menningararfur, sem við öll þurfum að setja í öndvegi. Veljum því íslenskt. ■

> Það getur verið að þetta sé ódýrara fyrir útgefandann, en er það hagkvæmara fyrir íslenskt samfélag?

Bækur í jólapakkana

Margar frábærar bækur á tilboði.



Sigurverkið
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Hælið
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Dansarinn
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Allir fuglar fljúga í ljósið
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Merking
4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Hægt og hljótt til helvítis
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 5. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is

Penninn Eymundsson

Velferð dýranna

Úrsúla Jünemann
náttúruvinur og kennari á eftirlaunum

Í Bibliu Gamla testamentisins er boðskapurinn þannig að Guð skapaði jörðina, allar lífverur og síðast mannfólkið og sagði því: „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftsins og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðinni."

Já, menn hafa fjölgað sér fram yfir það sem sem jörðin ber. Menn eru ennþá að drottna yfir jörðinni þannig að vistkerfin hrynja og lífið á jörðu mun verða komandi kynslóðum mun erfiðara en nú til dags.

En snúum okkur að öðrum lífverum sem búa á þessari plánetu. Dýrin hafa haldið lífinu í mönnunum með því að gefa þeim mat (við slátrum og mjólkum þau), þau gefa ull, skinn og leður til að klæða okkur, gefa mönnum kraftana sína til að bera og draga. Án hjálpar dýranna væri mannfólkið illa sett.

Hvernig hugsum við svo um dýrin okkar? Hér á Íslandi var til dæmis hesturinn þarfasti þjónninn öldum saman. Án hesta hefðu menn varla þraukað. Núna hafa tól og tæki tekið við og hesturinn er notaður í tómstundagaman. En bara það? Sorglegar fréttir bárust um meðhöndlun svonefndra blóðmera. Hálftamdar fylfullar hryssur eru píndar í básа til að tappa blóð af þeim. Hormóna í þessu blóði geta menn notað til þess að auka frjósemi gyltna í svínabúum. Og eftir að merin er búin að fæða folaldið sitt er það yfirleitt tekið frá henni og því slátrað nema það sé kvenkyns. Þá er hægt að nota það í sama tilgangi seinna.

Erum við menn virkilega að hunsa það að dýrum þyki vænt um afkvæmin sín? Við vitum lítið um þjáningar og tilfinningar dýramömmunnar við að missa barnið sitt. Þær geta ekki sagt frá. En við sjáum það á hegðun þeirra. Læða sem er búin að gjóta kettlingum fer vælandi um í marga daga þegar menn taka þá og drekkja (eins og þótti regla í gamla daga). Kýrin baular sárt þegar hún er búin að bera kálfi og hann er tekinn strax frá henni. Ég fylgdist í sumar með þegar ekið var á tjaldsunga á þjóðveginum. Fullorðni fuglinn hljóp fram og aftur út á götuna og reyndi að endurvekja ungann sinn þrátt fyrir hættuna.

Hestamömmu er sennilega mikil raun að fá ekki að halda folaldinu sínu sem hún gekk með í tæpt ár. Svo er hún gerð fljótlega aftur fylfull og sama sagan endurtekur sig ár eftir ár þangað til hún er slitin og ónýt eftir alla blóðtökuna og allar fæðingarnar. Gleymum heldur ekki því að blóðmerar eru á útigangi og oft ekki of vel haldnar. Ef þetta er ekki ómannúðlegt þá veit ég ekki hvað.

> **Ef við menn ætlum að lifa í sátt og samlyndi við náttúru og skepnur sem þar lifa þá eigum við að hugsa okkar gang.**

Dýrahaldið hjá okkur er víða bágborið og fyrst og fremst drifið áfram í hagnaðarskyni þótt mörgum þyki vænt um dýrin sín. Það að Matvælastofnun, sem sér fyrst og fremst um framleiðslu matvæla, skuli fara með mál um velferð dýra er af og frá. Framleiðni matvæla á sem hagkvæmastan hátt gengur greinilega á rétt dýra til að þau geti lifað góðu lífi á sínum eigin forsendum. Sama hvort við skoðum dýrahaldið í flestum svínabúum, alifuglarækt eða mjólkurbúskap. Gylturnar í svínabúum sem fá frjósemislyfin úr blóði blóðmera eiga að framleiða sem flesta grísi en geta yfirleitt ekki sinnt þeim á viðeigandi hátt enda innilokaðar í þröngum búrum.

Ef við menn ætlum að lifa í sátt og samlyndi við náttúru og skepnur sem þar lifa þá eigum við að hugsa okkar gang. Jörðin okkar er stórkostleg og allt sem á henni er hefur sinn tilgang í þessari stóru hljómsveit sem lífið er. Spillum því ekki með því að hugsa einungis um hagnað. ■

Óháðar staðfestingar sjálfbærniskýrslna – ekki bíða

Margrét Pétursdóttir
forstjóri EY

Nú er nýlokið Sjálfbærnidegi atvinnulífsins sem EY og SA stóðu að og var haldinn í fyrsta skipti í ár. Erindin voru frábær og mjög góð aðsókn frá bæði fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum, sem sýnir hversu mikið hagaðilar brenna fyrir málefninu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti ráðstefnuna og kom meðal annars inn á það í ávarpi sínu hversu mikilvægt er að efla samstarf opinberra aðila og atvinnulífsins í umbreytingunni í átt að kolefnishlutleysi. Er hún ekki sú fyrsta sem leggur áherslu á slíkt heldur er almennur samhljómur um að vegferðin að sjálfbærni hefst ekki nema með samvinnu. 17. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna snýr einmitt að samvinnu hagaðila um sjálfbærni. Samvinnan þarf ekki bara að vera á milli hins opinbera annars vegar og fyrirtækja hins vegar, heldur einnig meðal fyrirtækjanna sjálfra sem og milli fyrirtækja og einstaklinga. Öll verðum við að leggja okkar af mörkum.

Misjafn hraði á vegferðinni

Það er ekkert nýtt að atvinnulífið og frumkvöðlar hreyfast oft hraðar en hið opinbera og oft keyra frumkvöðlar áfram þróun sem ríkið fylgir síðan á eftir með löggjöf og það á vissulega einnig við um þessa vegferð. Hlutverk ríkisins er að sjálfsögðu að vera leiðandi og setja löggjöf sem beinir atvinnulífinu í rétta átt en hlutverkið er einnig að gæta þess að umgjörðin öll sé hvetjandi í átt að markmiðinu.

Hlutverk fyrirtækjanna er að sjálfsögðu að fylgja löggjöfinni sem er til staðar, en það skiptir höfuðmáli að fara af stað og ekki bíða þar til kröfur um sjálfbærni verði bundnar í lög. Þau fyrirtæki sem bíða þar til kröfur til þeirra verða innleiddar í lög munu eiga mjög erfitt með að vinna upp forskot annarra fyrirtækja þegar kröfur, eins og t.d. kröfur tengdar nýrri flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (ESB) verða lögfestar.

Löggjöf frá Evrópusambandinu

Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að vera kolefnishlutlaust árið 2050 (Ísland stefnir að hinu sama árið 2040). Þetta er gríðarlega metnaðarfullt markmið sem mun krefjast þess að fyrirtæki og ríkisstjórnir leggi í miklar fjárfestingar til að umbreyta hagkerfinu til að ná þessum áfanga.

Í kjölfarið verða gerðar ýmsar breytingar á Evrópulöggjöfinni sem eiga að leiða sambandið í átt að markmiðinu og bera þær yfirheitið „The European Green Deal". Ein þeirra er útgáfa á tilskipun sem ber heitið „Corporate Sustainability Reporting Directive" eða „CSRD" en drög að þeirri tilskipun voru kynnt 21. apríl síðastliðinn.

Meginefni tilskipunarinnar er eftirfarandi:

- Skrifaður verður staðall um sjálfbærniskýrslur sem gilda á innan ESB en markmiðið er samræming í upplýsingagjöf – horft verður til alþjóðlegra staðla við gerð hans.
- Fyrirtækjum verður gert skylt að gera skýrslu um sjálfbærni – ekki bara þeim stóru heldur einnig skilgreindum hópi smærri félaga.
- Fjöldi fyrirtækja sem þarf að skila sjálfbærniskýrslu er áætlaður 49.000 í stað þeirra tæpra 12.000 sem þurfa að fylgja núverandi lagakröfum (núverandi lagakröfur koma fram í Lögum um ársreikninga og byggja á eldri tilskipun Evrópusambandsins „The Non-Financial Reporting Directive" (NRFD) sem mun falla út með innleiðingu nýju tilskipunarinnar, CSRD).
- Skýrslan verður hluti af skýrslu stjórnar og þar af leiðandi mun stjórn þurfa að staðfesta hana.
- Hlutverk og ábyrgð opinberra eftirlitsaðila verður aukið.
- Hlutverk endurskoðunarnefnda verður útvíkkað í átt til aukinnar ábyrgðar.
- Öll félög sem falla undir tilskipunina þurfa að afla sér óháðrar staðfestingar á sjálfbærniskýrslunni.
- Hlutverk eftirlitsaðila, sem hér á landi er Reikningsskilaráð, mun einnig ná yfir staðfestingar á sjálfbærniskýrslum.

Eins og sést á ofanrituðu er verið að stórauka kröfur á fyrirtæki innan ESB og ekki bara þau stóru, sem er nýmæli í Evrópulöggjöf hvað varðar skýrslur og staðfestingar, heldur verða smærri félög einnig að hlíta reglunum. Það er athyglisvert í þessu sambandi að krafa um endurskoðun ársreikninga nær eingöngu í dag til stærri félaga og eininga tengdum almannahagsmunum.

Lagaleg tímalína

Núverandi tímalína frá ESB gerir ráð fyrir að aðildarríkin innleiði tilskipunina í október á næsta ári með gildistíma 1. janúar 2023 hvað varðar stærri félögin og að gildistíminn verði 1. janúar 2026 hvað varðar hin smærri.

Á þessari stundu er ekki vitað hverjar áætlanir Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eru, hvað varðar innleiðingu í EES-löndunum en ætla má að það verði ekki mikil töf í þeim efnum vegna mikilvægis málaflokksins. ESB-regluverkið mun enn fremur hafa mikil áhrif á fyrirtæki hér á landi sem eru með viðskiptatengsl við innri markað ESB s.s. vegna vöruútflutnings. Þá er vert að nefna að Bretland sem nýverið gekk út úr ESB og er stór viðskiptaaðili margra íslenskra fyrirtækja, sér fram á setningu sambærilegra reglna á sínum markaði.

Ekki bíða!

Ein meginskilaboðin frá áðurnefndum Sjálfbærnidegi voru að fyrirtæki eigi ekki að bíða með að grípa til aðgerða heldur hefja sína sjálfbærnivegferð strax í dag. Við sjáum t.a.m. mörg stærri fyrirtæki og stofnanir setja sér birgjareglur þar sem þau ætla að horfa til sjálfbærniþátta við val á samstarfsaðilum. Einnig er aukið ákall frá fjárfestum um óháða staðfestingu á sjálfbærniupplýsingagjöf, en ég hvet fyrirtæki sem vilja vera leiðandi á markaði til að bíða ekki eftir að hún taki gildi heldur hefja vegferðina strax. Í nágrannalöndum okkar hefur óháð staðfesting tíðkast í áraraðir en aðeins nokkur félög hafa farið þá leið hér á landi. Með ofangreind atriði í huga, þá vonast ég til þess að fjöldi fyrirtækja sem sækja sér óháða staðfestingu á sjálfbærniupplýsingum muni margfaldast strax á næsta ári! ■

Ég vissi ekki að nauðgun væri glæpur

Guðrún Helga Jóhannsdóttir
aðstoðarframkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Dag einn fór Sadia* 12 ára á markaðinn að selja grænmeti. Sadia bjó við mjög mikla fátækt og aðstoðaði glöð móður sína við að sjá þeim mæðgum farborða, en hún bjó ein með móður sinni og þekkti ekki föður sinn. Margir úr þorpinu voru samferða á markaðinn og Sadia fór með. Í lok dags fór hópurinn á undan henni heim á leið án þess að gera sér grein fyrir því að Sadiu vantaði. Hún var skilin ein eftir á markaðnum. Það var að koma kvöld þannig að hún ákvað að ganga af stað heim. Þegar Sadia var komin hálfa leið kallaði maður á eftir henni og sagði henni að bíða því það væri öruggara að þau myndu vera samferða í þessu myrkri. Sadia ákvað að hlýða og bíða eftir honum en þegar hann var kominn til hennar fór hann að snerta hana á óviðeigandi hátt. Sadia varð hrædd og öskraði en það heyrði enginn til hennar því það voru ekki fleiri nálægt, þau voru inni í miðjum skógi. Maðurinn nauðgaði henni og hljóp svo í burtu. Sadia kærði manninn ekki. Hún sagðist ekki hafa vitað að nauðgun væri glæpur, hún bætti við að það hefði hvort eð er ekki skipt máli því fátækir geti ekki kært.

Ofbeldið sem Sadia varð fyrir er eitt hörmulegasta form kynbundins ofbeldis – kynferðisofbeldi gegn börnum.

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er gríðarlega stórt samfélagslegt vandamál í Síerra Leóne þaðan sem Sadia kemur. Barnaverndarkerfi landsins er afar veikt, börn verða fyrir miklu ofbeldi og réttindi þeirra eru síbrotin. Börn upplifa ofbeldi í skóla, af hendi kennara, eldri nemenda auk annars starfsfólks skóla. Níu af hverjum tíu nemendum hafa upplifað einhverja tegund líkamlegs ofbeldis í skólum og tvær af hverjum þremur stúlkum hafa orðið þar fyrir kynferðisofbeldi. Þar af hefur 18% stúlkna verið nauðgað, oft „í skiptum" fyrir betri einkunnir. Þá eru 86% stúlkna í landinu umskornar. Sadia varð ófrísk eftir nauðgunina og eignaðist barn einungis 12 ára gömul. Barnið lést stuttu síðar. Stúlkum sem er nauðgað eru gerðar brottrækar úr samfélaginu, sérstaklega ef þær verða þungaðar. Oft eru stúlkurnar sendar til nauðgarans en 36% stúlkubarna eru giftar fyrir 18 ára aldur og er staða þeirra ein sú versta sem þekkist í heiminum. Börn sem koma undir við nauðgun eru litin hornauga og eiga oft erfitt uppdráttar.

Barnaheill vinna að því í Síerra Leóne, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, að draga úr kynbundnu ofbeldi í skólum. Það er gert með því að styðja við og þróa barnaverndarkerfi með sérstaka áherslu á kynbundið og kynferðisofbeldi. Samtökin vinna að því að gera tilkynningaleiðir skýrari og aðgengilegri og fræða þorpshöfðingja, kennara, foreldra og annað fullorðið fólk um umskurð kvenna, barnahjónabönd og þunganir unglingsstúlkna. Barnaheill vinna að þarfagreiningu ásamt börnum, foreldrum, kennurum og samfélaginu öllu þar sem rýnt er í hvar kynbundið ójafnrétti liggur í skólakerfinu. Auk þess fá stúlkur og drengir margvíslega fræðslu um ofbeldi, þar á meðal um réttindi sín. Foreldrar og kennarar fá þjálfun í jákvæðum uppeldisaðferðum ásamt margvíslegri annarri fræðslu. Barnaheill vinna með öllu samfélaginu að því að draga úr kynbundnu ofbeldi í skólum og rödd barnanna sjálfra skipar mikilvægan sess í þeirri vinnu. Fyrsta skrefið til að útrýma ofbeldi er fræðsla um ofbeldi. Ef stúlkur eins og Sadia vita ekki að nauðgun er glæpur, er erfitt að bregðast við og koma í veg fyrir að nauðgun endurtaki sig. Sadia veit núna, eftir að hafa tekið þátt í verkefni Barnaheilla gegn kynbundnu ofbeldi, að nauðgun er glæpur og hefur gerst svokallaður „gender champion" þar sem hún gengur á milli þorpa og fræðir ungar stúlkur um ofbeldi og afleiðingar þess. Saga Sadiu er því miður einungis ein af allt of mörgum sögum stúlkna úti um allan heim sem hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi.

> **Börn upplifa ofbeldi í skóla, af hendi kennara, eldri nemenda auk annars starfsfólks skóla. Níu af hverjum tíu nemendum hafa upplifað einhverja tegund líkamlegs ofbeldis í skólum og tvær af hverjum þremur stúlkum hafa orðið þar fyrir kynferðisofbeldi.**

Grein þessi er liður í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Kynbundið ofbeldi þarf að stöðva strax!

**Sadia er dulnefni stúlku sem er hafhafi í verkefni Barnaheilla í Síerra Leóne.* ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 2. desember 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Setjið upp jólaskrautið sem fyrst, það veitir hamingju. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jólaskrautið gerir okkur hamingjusöm

elin@frettabladid.is

Fólk sem setur upp jólaskrautið snemma er hamingjusamt, samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2017. Það er rétt að rifja hana upp núna þegar desember er genginn í garð og neikvæðar fréttir dynja yfir. Jólin eru tími gleði og skemmtilegra minninga hjá flestum. Skreytingar og heföir hafa áhrif á tilfinningar okkar og búa til ákveðna nostalgíu, að því er rannsóknin sýndi. Það var Journal of Environmental Psychology sem birti rannsóknina á sínum tíma.

Góðar hugsanir um æskuna og tengingu hennar við jólin og jólaskrautið kallar fram dópamín sem gefur okkur vellíðan. Því fyrr sem jólaskrautið er sett upp þeim mun betra. Fjölskyldusamverustundir eru mörgum afar mikilvægar og margt sem hægt er að minnast um horfna daga þegar jólin nálgast, jafnvel horfna ættingja.

Ljósin gleðja

Í heimi sem er fullur af streitu og kvíða finnst fólki gaman að umgangast hluti sem gleðja. Jólaskraut og ljósaseríur kalla fram slíkar tilfinningar, að sögn sálfræðingsins Deborah Serani. „Skreytingarnar eru akkeri okkar til að upplifa töfra æskunnar og spennunnar sem fylgdi jólunum.“ Falleg birtan af jólaljósunum kallar fram gleðihormón og hún dregur úr mesta skammdeginu. ■

Hildur er vandlát þegar kemur að vönduðum rúmfötum og segir Rúmföt.is vilja gefa flestum kost á að sofa undir hágæða damaski og satíni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Konunglegt damask á jólanótt

Damask er dásamlegur vefnaður sem á rætur að rekja til ársins 300 fyrir Krist. Rúmföt.is selur ítalskt damask í heimsklassa, ofið úr hágæða langþráða egypskri bómull. 2



Silkimjúk rúmföt úr svalandi bómullarsatíni fást í spennandi mynstrum.

„Margir sem koma til okkar í leit að góðum rúmfötum biðja gjarnan um rúmföt úr damaski. Damask er hins vegar enginn gæðastimpill, heldur þýðir damask einfaldlega ákveðin tegund af vefnaði, þar sem mynstur er ofið í efnið. Það getur því verið erfitt að átta sig á hvað er réttan og hvað rangan á damask-efnum, og stundum er engin ranga," segir Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is.

Jafnframt sé hægt að blanda saman damask-vefnaði og satín-vefnaði.

„Það eru skemmtilegustu efnin að okkar mati. Hægt er að vefa damask úr alls kyns efnum, ekki bara náttúrulegu efni, eins og bómull, ull, silki og hör, heldur líka gerviefnum eins og reion og pólýester. Við notum auðvitað bara náttúruleg efni í rúmfötin okkar; langmest bómull en stundum silki," greinir Hildur frá.

Flottasta damaskið frá Ítalíu

Damask má nota í alls kyns vörur, svo sem fatnað, töskur, áklæði, gardínur og dúka, og meira að segja veggfóður sem hjálpar til við að einangra veggi þegar það er úr ull. Veggfóður sem er á boðstólum á Íslandi er þó líklega eftirlíking úr pappír.

„Talið er að damaskvefnað megi rekja allt til ársins 300 fyrir Krist í Kína, og þá aðallega úr silki. Snemma á miðöldum barst damask-vefnaður til borgarinnar Damaskus í Sýrlandi og þaðan er nafnið sem við þekkjum komið. Borgin var hluti af silkileiðinni svokölluðu, sem tengdi saman Kína og aðrar þjóðir, og í framhaldinu gerðust Damaskusbúar stórtækir í framleiðslu og verslun með damaskefni," upplýsir Hildur.

Í sumar kom í búðina kona frá Sýrlandi sem varð himinlifandi þegar hún sá að Rúmföt.is býður upp á damask eins og hún þekkir svo vel frá sínu heimalandi.

„Damask getur verið einlitt eða marglitt, og í gegnum árhundruðin var það oft ansi litríkt. Damask barst síðar með krossförunum til Evrópu, nálægt ártalinu 1100, og það var ekki fyrr en nokkru síðar sem byrjað var að vefa damask í Evrópu. Finna má heimildir fyrir framleiðslu þess á Ítalíu á fjórtándu öld og því er ekkert skrýtið að Ítalir framleiði flottustu efnin í dag, með sína árhundraða reynslu," segir Hildur.

Margrét Guðlaugsdóttir hefur saumað vönduð rúmföt í áratugi.

> **Ítalska damaskið er í heimsklassa og ekkert víst að milljarðamæringar sofi með betri rúmföt.**
>
> Hildur Þórðardóttir

Hótelrúmföt með brakandi áferð

Þau Hildur og Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is, eru afar vandlát á efnin sem þau kaupa inn fyrir verslunina.

Klassísk röndótt rúmföt njóta alltaf jafn mikilla vinsælda enda fádæma flott á rúmið. Þessi eru frá Curt Bauer.

MYNDIR/AÐSENDAR

Undursamlegt 700 þráða ítalskt damask í heimsklassa.

Áprentað satín er yndislegt viðkomu. Það fæst í æðislegum mynstrum og líka á tvíbreiðar sængur.

Vandað og flott damask frá þýska vefaranum Curt Bauer hefur slegið í gegn, sérhannað til að krumpast lítið.

„Ítölsku verksmiðjurnar vita að það þýðir ekkert að sýna okkur nema það allra besta. Kínverjar eru líka með afar góða vöru og auðvitað eiga þeir enn lengri sögu í vefnaði. Rúmfötin úr 900 þráða satínefninu, úr 100 prósenta bómull að sjálfsögðu, koma einmitt frá Kína og má segja að þau séu yndislega mjúk og nánast eins og silki. Þau eru bara talsvert endingarbetri og þola meiri þvott," upplýsir Hildur.

Í Rúmföt.is eru alltaf nokkrar tegundir af damaski á boðstólum.

„Fyrst má nefna rúmföt frá Kína úr hvítu 400 þráða damaski í nokkrum útfærslum. Þar má nefna paisley-mynstur sem Margrét saumakona kallar pontumunstur því það minnir á tóbaksponturnar í denn, og eflaust kannast margir af elstu kynslóðinni við það," segir Hildur kankvís.

„Síðan má nefna þessi klassísku, röndóttu rúmföt með brakandi áferð, sem við köllum hótelrúmföt því þau eru mjög vinsæl á gistihúsum og hótelum, en líka hjá einstaklingum. Þau koma í hvítu og eru 329 þráða, á mjög sanngjörnu verði. Því næst erum við með litað damask, mjúkt og gott 300 þráða í nokkrum litum."

Værðarvoðir milljónamæringa

Ef fólk vill gera enn betur við sig býður Rúmföt.is upp á damask frá þýska vefaranum Curt Bauer.

„Það er sérstaklega meðhöndlað til að krumpast lítið og margir viðskiptavinir vilja ekkert annað. Dýrasta damaskið hjá okkur er svo það ítalska, oft sérstaklega ofið fyrir okkur og því óhætt að segja að enginn í heiminum er með sömu rúmföt og við. Ítalska damaskið er vara í heimsklassa og ekkert víst að milljarðamæringar sofi með betri rúmföt. Viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þessi rúmföt og ekki skemmir fyrir að verðið er lægra en á sambærilegri vöru í Evrópu, því við viljum gefa sem flestum tækifæri á að sofa undir hágæða lúxusrúmfötum," segir Hildur.

Á Ítalíu verslar Rúmföt.is við nokkra vefara, meðal annars Quagliotti, sem er lítið fjölskyldufyrirtæki rétt hjá Torino.

„Rúmföt frá Quagliotti prýða hallir bresku konungsfjölskyldunnar og Ritz-hótelið í París býður sínum gestum upp á Quagliotti. Það er líka skemmtilegt að segja frá því að nýja hótelið við Bláa Lónið og Hótel 101 eru bæði með ítölsku rúmfötin frá Quagliotti," greinir Hildur frá.

Hjá Rúmföt.is fæst einnig mikið úrval af satíni.

„Satín er sléttur og glansandi vefnaður úr mismunandi hráefnum. Það má til dæmis vefa satín úr bómull, silki, gerviefnum og meira að segja úr hrjúfari efnum eins og ull og hör. Satínið sem við seljum er úr langþráða bómull og ýmist með áprentuðu mynstri eða einlitt, í öllum verðflokkum. Við erum sérstaklega hrifin af 600 og 900 þráða satíni sem kemur í ótal litum og munstrum, og einfaldlega dásamlegt að sofna á jólanótt undir slíkri værðarvoð," segir Hildur í Rúmföt.is sem eru opin lengur fyrir jólin. ■

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Opið í desember frá klukkan 12 til 18 virka daga og frá 11 til 16 um helgar. Skoðið úrvalið á rumfot.is og gerið góð kaup í vefversluninni sem er alltaf opin.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

www.hjahrafnhildi.is

Stenströms silkiblússa,
verð 49.980 margir litir

Stenströms merinóullar ponsjó,
verð 42.980 margir litir

Stenströms silkislæða
verð 16.980

Depeche, leðurbelti
verð 16.980

Depeche leðurhanskar,
verð 12.980

Depeche, leðurtaksa
verð 36.980

Nero Giardini
Verð 41.980

Högl mokkasíur,
verð 32.980

Nero Giardini, vetrarskór
verð 37.980

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Vel skóaður körfuboltamaður

P.J. Tucker, leikmaður körfuboltaliðs Miami Heat í NBA-deildinni, á tæplega 5.000 pör af körfuboltaskóm.

starri@frettabladid.is

Fjólubláir og bláir tónar eru ríkjandi í þessum skóm.

P.J. Tucker, leikmaður körfuboltaliðs Miami Heat í NBA-deildinni, er kannski ekki skærasta stjarna deildarinnar en á örugglega flest skópör. Tucker hefur safna körfuboltaskóm í mörg ár og á í dag tæplega 5.000 pör sem þó hefur fækkað undanfarið ár þar sem hann hefur þurft að selja skó til að losa um pláss heima fyrir.

Hann klæðist yfirleitt nýjum skóm í hverjum leik en hvert lið leikur 82 leiki á tímabili í NBA-deildinni. Tímabilið 2017-2018, þegar Tucker lék með Houston Rockets, klæddist hann 106 pörum sem þýðir að hann skiptir stundum um skó í miðjum leik. Með hækkandi aldri, en Tucker er 36 ára, segist hann þó vera farinn að róast aðeins í skóbrjálæðinu og í dag klárar hann flesta leiki í Kobe 4 Protro skóm, sem eru eitt vinsælasta skópar deildarinnar.

Það má kynna sér hluta skósafnsins og fylgjast með litfögrum fatastíl kappans á Instagram-síðu hans (@pjtucker). Kíkjum á nokkur litfögur skópör sem leikmaðurinn hefur klæðst í ár. ■

Þessum skóm klæddist Tucker í seinni hálfleik gegn Phoenix Suns í desember 2020.

Þessa gulu Nike skó notaði Tucker í leik gegn Washington Wizards í síðasta mánuði.

Mjög fallegir appelsínugulir og svartir Nike skór.

Þessum skrautlegu Nike-skóm klæddist Tucker í leik gegn Boston Celtics á síðasta ári.

Gulgrænir Nike Air Jordan skór.

Svartir, hvítir og appelsínugulir Nike-skór.

P.J. Tucker, leikmaður Miami Heat í NBA-deildinni.

Eldrauðir og flottir Nike-skór..

Appelsínugulir og hvítir Nike-skór sem voru notaðir í síðasta mánuði.

FRANDSEN úlpukápa vegan dúnn
Fæstlíka í svörtu
Stærðir 40-52
Verð kr. 35.980

NORMANN úlpuvesti vegandúnn
Fæst líka í brúnu
Stærðir 40-56
Verð kr. 25.980

NORMANN dúnúlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-58
Verð kr. 39.980

GOZZIP úlpukápa
Stærðir 40-56
Verð kr. 36.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-56
Verð kr. 26.980

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic OPHILIA

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 36-60
Verð kr. 24.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-56
Verð kr. 28.980

YEST/YESTA mokkakápa
Stærðir 38-52
Verð kr. 20.980

YEST/YESTA úlpukápa
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-50
Verð kr. 22.980

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris Handberg Jana

ZHENZI létt úlpa
Fæst líka í bleiku og beige
Stærðir 42-58
Verð kr.11.990

YestA ullarjakki
Stærðir 44-52
Verð kr. 15.980

YIWU BEANIE fóðruð húfa
með skyggni
Fæst í nokkrum litum
Verð kr. 4.990

LASESSOR MOOMIN Silkiklútur
Fæst í fleiri útgáfum
Verð kr. 6.990

TAMARIS Loðfóðraðir kuldaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 28.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Nostalgía í aðdraganda jólanna

Vinkonurnar Tinna Björt Guðjónsdóttir og Telma Haraldsdóttir elska að bregða á leik fyrir framan linsuna og gera gamaldags jólamyndir. Þær leggja ómælda vinnu í undirbúninginn og hugsa fyrir hverju einasta smáatriði.

sjofn@frettabladid.is

Þennan nostalgíu-myndaleik hafa þær stundað í dágóðan tíma. Hér svipta þær leyndardómnum af nýjasta jólaþemanu sínu í myndaleiknum.

„Við byrjuðum að taka þemajólamyndir 2019. Þetta er svona okkar hobbí en þemað í ár er „gömlu jólin“ en áratugurinn sem varð fyrir valinu var sjötti áratugurinn,“ segja þær Tinna og Telma sem elska að leika sér saman við að fanga augnablikið fyrir framan linsuna. „Okkur langaði að fanga stemninguna á þeim tíma og vorum heppnar að fá að taka myndir í gömlu krambúðinni á Hernámssetrinu á Hlöðum. Uppsetningin þar passaði einmitt vel við þetta þema enda mikið af gömlum varningi sem margir þekkja í búðinni.“

> **Myndatakan sjálf tekur vanalega heilan dag ásamt uppsetningu en við erum alltaf búnar að gera góða undirbúningsvinnu.**
>
> Tinna Guðjónsdóttir

Orabaunir, Bismarkbrjóstsykur og laufabrauð

Þær undirbjuggu sig vel til að passa að hlutirnir sem myndaðir yrðu pössuðu við áratuginn sem í forgrunni var. „Við fórum í gegnum gamlar myndir og skoðuðum hvaða jólavörur og jólamatur voru í gangi á þessum tíma. En Orabaunir, Bismarkbrjóstsykur og laufabrauð eru þekkt á borðum Íslendinga um hátíðirnar síðasta áratuginn og ekki má gleyma appelsíninu og maltinu.“

Jólaskrautið frá ömmu og afa

Þegar koma að jólaskrauti þessa tíma dóu þær ekki ráðalausar. „Við fundum gamalt jólaskraut frá afa og ömmu sem við settum með en ef vel er skoðað er einmitt hér einn jólasveinn sem afi minn átti.

Svo jólalegar og fínar stelpurnar innan um jólavarninginn.

MYNDIR/TELMA

Myndatakan sjálf tekur vanaleg heilan dag ásamt uppsetningu en við erum alltaf búnar að gera góða undirbúningsvinnu. Við leikum okkur bæði með myndavél og síma og við fjárfestum í ljósabúnaði en eins og allir vita skiptir gott ljós öllu máli fyrir góða mynd.“

Búðarþema varð fyrir valinu

„Okkur langaði að halda í búðarþemað og völdum þess vegna búninga í samræmi við það en svunturnar fengum við frá Gauja, pabba Tinnu. Við skoðuðum förðun frá þessum tíma sem einkenndist af þykkum augnblýanti og rauðum varalit. Við erum komnar á þann aldur að það þarf að sparsla vel í hrukkurnar,“ segir Telma og hlær.

Hafa húmor fyrir sjálfum sér

Þær stöllur leggja mikið upp úr að hafa gaman af þessu og njóta þess að bregða á leik. „Við tökum okkur nú ekkert of alvarlega. Eins mikið og það er af góðum myndum er alveg eins mikið af vondum myndum. Við grínumst oft með að við ættum kannski að setja upp sýningu bara með vondum myndum en heitið á sýningunni væri þá kvót í eina af okkur uppáhaldsmyndum: Death becomes her; I'll paint your ass, you'll paint mine, eða á íslensku: Þú sparslar mig og ég sparsla þig. Við höfum alveg húmor fyrir okkur og reynum alltaf að vera einlægar með smá guffagrín.“ ■

Jólakrambúðin á sjötta áratugnum heillar.

Jólaafgreiðslustúlkurnar gleðja með sínum fallegu búningum og jólalitum.

HEILSA

Fimmtudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.
Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.
Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.
Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember.
Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi miðvikudaginn 22. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

MADSHUS

Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af gönguskíða-pökkum!

GG SPORT

Stingum af ...

Fæst einnig í: **Ísfell verslun** Húsavík & **Útisport** Akureyri

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardagar 11-15

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirki s: 778-7171

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar, Rangárþingi eystra

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Hólaskarðs ehf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Krosslímdar timbureiningar og klæðningar - útboð

Öryggisfjarskipti ehf, óska eftir tilboðum í verkið: „Hönnun og framleiðsla krosslímdra timbureininga og klæðningar ásamt uppsetningu".

Verkið felst í hönnun og uppsetningu á krosslímdum timbureiningum, gluggum, hurðum og klæðningum við nýtt flugskýli fyrir Landhelgisgæslu Íslands við Nauthólsveg á jaðri Reykavíkurflugvallar. Byggingin verður á tveimur hæðum úr krosslímdum timbureiningum á steyptum undirstöðum. Hún mun tengja nýtt flugskýli við það sem fyrir er. Byggingin er um það bil 1530 m2

Útboðsgögn verða afhent rafrænt af EFLU verkfræðistofu til þeirra bjóðenda sem þess óska frá og með **þriðjudeginum 7. desember 2021, kl. 10:00.**

Tilboð verða opnuð **miðvikdaginn 22. desember 2021 kl. 14:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem það vilja.

Bjóðendur óski eftir gögnum hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á **dsp@efla.is**

Alútboð

Norðurþing - færanleg rými fyrir frístund

Sveitarfélagið Norðurþing óskar eftir tilboðum í að hanna og útvega/byggja færanlegar stofur fyrir frístund við Borgarhólsskóla á Húsavík til samræmis við útgefin alútboðsgögn.

Um er að ræða aðstöðu fyrir frístund Borgarhólsskóla ásamt tilheyrandi stoðrýmum þar sem áætlað er að verði 70 börn í 1.-5. bekk og 20 börn í 6.-10.bekk. Áætluð heildarstærð er allt að 270 m2 brúttó.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 15. ágúst 2022.

Þeir sem óska eftir að fá send alútboðsgögn skulu senda beiðni á netfangið **rab@verkis.is.**

Tillögur að lausnum og verðtilboð skulu berast til Verkís hf., Garðarsbraut 26, 640 Húsavík, eigi síðar en **28. janúar 2022.**

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 • 640 Húsavík • 464-6100 • nordurthing@nordurthing.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott cbd

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Sæfarar, hipsterar, söngvarapör þurfa söfn til að kanna og lakkrísrör.

Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.

Kynntu þér málið á **gjoridsvovel.is**.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Brandenburg | sía

Stúlknaliðið flaug inn í úrslitin á EM

Evrópumeistaramótið í hópfimleikum í Guimarães Portúgal hófst með keppni í unglingaflokki í gærkvöldi.

mhj@frettabladid.is

Gólfæfingar íslenska stúlknaliðsins gengu afar vel í gær, en úrslitin í keppni blandaðra liða voru ekki komin þegar blaðið fór í prentun. MYNDIR/STEFÁN PÁLSSON

FIMLEIKAR Stúlknaliðið átti gott mót og fór inn í úrslitin í þriðja sæti með 50.175 stig. Ísland endaði rétt á eftir Bretunum sem voru í öðru sæti með 50.275 en breskir hópfimleikar hafa verið á mikilli uppleið síðustu ár. Svíarnir sem eru helsti keppinautur Íslands í hópfimleikum voru efstir inn í úrslitin með 53.650 stig en stúlknaliðið á nóg inni til að blanda sér í baráttuna um titilinn sem fer fram á föstudaginn.

Úrslit hjá blandaða unglingalandsliðinu voru ekki ljós þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Það er ljóst að stúlknaliðinu líður best undir pressu, en eftir smávægis örðugleika á lokaæfingunni í gær byrjuðu þær mótið af miklum krafti á trampólíni. Flugu þær höfðinu hærra en aðrir keppendur og var í raun eina vandamálið þeirra að yfirsnúa ekki stökkin sín eftir of mikla hæð. Stór skref, eitt fall og frádráttur fyrir liðsumferðina gerði það að verkum að einkunn liðsins var í lægra lagi, en stúlkurnar fengu 14,8 á trampólíni.

Stúlknalandsliðið er með hæsta erfiðleikastigið í sínum flokki á trampólíni en dómarar draga síðan frá þeirri einkunn eftir framkvæmd. Þær eiga því nóg inni á trampólíni til að saxa á forskot Svíanna á föstudaginn.

Stúlkurnar létu slæma einkunn á trampólíni ekkert á sig fá og fóru yfir á gólfið og gerðu frábæra æfingu. Fengu þær 21,075 í einkunn fyrir gólfæfingar sínar sem var hæsta einkunn dagsins á gólfinu. Þær höfðu hins vegar ekki nóg inni í tankinum til að fylgja því eftir á dýnunni og urðu nokkrar slæmar lendingar dýrkeyptar. Fékk liðið 14,4 á dýnu, sem er undir getu.

Stúlkurnar fá annað tækifæri til að bæta sig í úrslitunum, en þær eiga nóg inni til að sækja hart að Svíunum.

Alls keppa níu lönd í unglingaflokki og fóru sex lönd áfram í úrslitin í gær. Ásamt Íslandi munu Svíþjóð, Bretland, Finnland, Tékkland og Lúxemborg keppa til úrslita á föstudaginn.

Fjölmargir Íslendingar hafa lagt leið sína til Portúgals og heyrðist vel í þeim þegar íslensku liðin stigu inn á svið. Það er alveg ljóst að stemningin hjá Íslendingunum í Portúgal mun bara stigmagnast þegar líður á mótið.

Fjórtán lönd keppa á EM í ár en tvö stórveldi í hópfimleikum, Danmörk og Noregur, ákváðu að senda keppendur ekki í ár vegna Covid.

Allir keppendur, þjálfarar og blaðamenn eru skimaðir á mótsstað og hafa ekki borist neinar upplýsingar um smit meðal keppenda enn sem komið er.

Undankeppni í fullorðinsflokki fer síðan fram í dag en karla- og kvennalandslið Íslands mæta þar til leiks. Bæði liðin áttu virkilega góða lokaæfingu í keppnishöllinni í gær. Ísland hefur ekki sent karlalandslið á EM í hópfimleikum í næstum heilan áratug.

Strákarnir í landsliðinu eru hins vegar voða lítið að hugsa um það og fóru þeir í gegnum lokaæfinguna í gær eins og vanir menn. „Stemningin í hópnum er bara geggjuð," sagði Helgi Laxdal Aðalgeirsson, einn af lykilmönnum Íslands í liðinu, eftir lokaæfinguna í gær.

> Stemningin í hópnum er bara geggjuð.
>
> Helgi Laxdal Aðalgeirsson, landsliðsmaður í hópfimleikum



Stúlkurnar lentu í örlitlum örðugleikum á dýnunni.

Björn Björnsson, yfirþjálfari allra landsliðanna ásamt Hrefnu Þorbjörgu Hákonardóttur, var mjög ánægður með frammistöðu liðanna í gær, þegar Fréttablaðið náði af honum tali.

Kvennalandsliðið mun líkt og fyrri ár eiga harða keppni við sænska landsliðið um Evrópumeistaratitillinn.

Undankeppnin í dag mun gefa tóninn fyrir úrslitin á laugardaginn og virtust stelpurnar tilbúnar í slaginn í gær. Undankeppni kvenna hefst klukkan 16.30 og verður hægt að horfa á mótið í beinni á frettabladid.is. ■

Kvennalandsliðið jafnar sigurhlutfallið fyrst landsliða

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Með tveimur sigrum á Kýpur og Japan í nýafstöðnu landsleikjahléi er íslenska kvennalandsliðið ekki lengur með neikvætt sigurhlutfall. Öruggur 4-0 sigur Íslands á Kýpur var 113. sigur liðsins í öllum keppnum og er Ísland með 42 prósenta sigurhlutfall í 270 leikjum. Jafnteflin eru 44 og tapleikirnir 113. Er þetta í fyrsta sinn sem íslenskt A-landslið í knattspyrnu nær að jafna hlutföllin yfir sigra og tapleiki.

Íslenska kvennalandsliðið átti erfitt uppdráttar í fyrstu leikjum sínum frá því að fyrsti kvennalandsleikurinn fór fram árið 1981. Fyrsti sigurinn kom í níunda leik og vann Ísland sextán sigra í 67 leikjum fyrstu tuttugu ár kvennalandsliðsins með markatölu upp á tæplega áttatíu mörk í mínus.

Frá því í ársbyrjun 2001 hefur margt breyst á stuttum tíma. Íslenska kvennalandsliðið hefur komist á fjögur Evrópumót í röð og er í harðri baráttu um sæti í lokakeppni HM sem fer fram í Ástralíu árið 2023. Um leið hefur kvennalandsliðinu tekist að rétta af sigurhlutfallið, þannig að nú hafa Stelpurnar okkar unnið jafn marga leiki og þær hafa tapað frá upphafi. Þá hafa þær á rúmum tuttugu árum skorað 159 mörkum meira en andstæðingar þeirra. ■

> Stelpurnar okkar hafa unnið sex af síðustu sjö leikjum sínum. Eina tap Íslands á þessum tíma kom gegn Evrópumeisturum Hollands.

Dagný hefur verið í sigurliði í 56 leikjum af 97 með Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BRAGÐGÓÐ OG GIRNILEG HELGARTILBOÐ

GILDA: 2.–5. DESEMBER

BÆONNE-SKINKA

VERÐ-SPRENGJA!

979 KR/KG

ÁÐUR: 1.999 KR/KG

40% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR

Humar
Skelflettur, 800 g

3.499 KR/PK

ÁÐUR: 4.999 KR/PK

GOTT VERÐ!

Humar
Í skel, 1 kg

5.939 KR/KG

ÁÐUR: 6.599 KR/KG

Lambahryggur
Léttreyktur

2.729 KR/KG

ÁÐUR: 3.899 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR

Hangilæri
Úrbeinað

2.239 KR/KG

ÁÐUR: 3.199 KR/KG

25% AFSLÁTTUR

Lambalæri
í bláberjamaríneringu

1.694 KR/KG

ÁÐUR: 2.289 KR/KG

20% AFSLÁTTUR

Kampavínslæri
Fyllt með sveppum
og fetaosti

2.799 KR/KG

ÁÐUR: 3.499 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

Lambamjaðmir
í Miðjarðarhafsmaríneringu

2.799 KR/KG

ÁÐUR: 3.999 KR/KG

20% AFSLÁTTUR

Andalæra-confit
Í dós, 1,35 kg

3.039 KR/STK

ÁÐUR: 3.799 KR/STK

25% AFSLÁTTUR

Kíví

374 KR/KG

ÁÐUR: 498 KR/KG

25% AFSLÁTTUR

Rauð epli

284 KR/KG

ÁÐUR: 379 KR/KG

nettó

Lægra verð – léttari innkaup

FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Merkisatburðir

1409 Háskólinn í Leipzig er stofnaður.
1939 Starfsemi á La Guardia-flugvellinum í New York hefst formlega.
1942 Enrico Fermi tekst að koma af stað keðjuverkun kjarnaklofnunar í Chicago.
1961 Flugstöðin á Akureyrarflugvelli er opnuð.
1961 **Fídel Castro** lýsir því yfir að hann sé marx-lenínisti og að Kúbu verði stjórnað í samræmi við hugmyndafræði kommúnisma.

1982 Bandaríkjamaðurinn Barney Clark fékk fyrsta ígrædda gervihjartað. Hann lifði í 112 daga eftir aðgerðina. Þessi aðgerð var hin fyrsta sinnar tegundar í sögunni.
1988 Benazir Bhutto tekur formlega við embætti forsætisráðherra Pakistans og verður þar með fyrsta konan til þess að vera þjóðarleiðtogi íslamsks ríkis.
1993 Pablo Escobar, kólumbískur eiturlyfjabarón, skotinn til bana í Medellín í Kólumbíu.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Kjartan Ottósson

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 23. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju, þriðjudaginn 14. desember kl. 13.

Guðríður Þorvalds Jónsdóttir
Ottó Guðmundsson — **Inga Jónsdóttir**
Guðný Guðmundsdóttir — **Jóhannes Stefánsson**
Lárus Guðmundsson — **María Jóhanna Sigurðardóttir**
Örn Guðmundsson — **Ingunn Þorvarðardóttir**
Sigurður Guðmundsson
afabörn og langafabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

Þórmundur Sigurbjarnason
rafeindavirkjameistari

lést þann 25. nóvember sl. á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 6. desember kl. 13.00.
Allir velkomnir í kirkjuna en verða að sýna neikvætt hraðpróf ekki eldra en 48 stunda við komu. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni www.streyma.is.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landsbjörg.

Þóra Kristín Filippusdóttir
Sigurbjörg Þórmundsdóttir — **Ómar Friðþjófsson**
Sigurbjarni Þórmundsson — **Linda María Jónsdóttir**
Kristín Þórmundsdóttir — **Þorsteinn Sigvaldason**
Trausti Þórmundsson — **Kristín Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Hinsta óskin

Við aðstoðum þig við gerð viljayfirlýsingar um útför þína af nærgætni og virðingu – **hefjum samtalið.**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

Frá fyrsta námskeiði Fjallamanna í Kerlingarfjöllum 1938. MYND/AÐSEND

Innblásið fjallastórvirki

Fjallamenn eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal var nýlega endurútgefin. en bókin kom fyrst út árið 1946.

arnartomas@frettabladid.is

Líkt og faðir hans er Ari Trausti mikill náttúruunnandi. MYND/AÐSEND

Ferða- og náttúrulýsingabókin Fjallamenn eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal kom fyrst út árið 1946. Í henni er að finna innblásna ferðaþætti, fjölþættar frásagnir og texta um náttúru og útivist, frá byggðum og óbyggðum Íslands, fjallalöndum Mið-Evrópu til landa fyrir botni Miðjarðarhafs. Í henni eru að auki ljósmyndir og teikningar eftir Guðmund. Bókin hefur í fjölda ára verið keypt og seld dýrum dómum hjá fornbókasölum en kemur nú aftur fyrir sjónir lesenda í nýrri endurútgáfu.

„Útgefendur hjá Sölku höfðu samband við okkur fjölskylduna. Sögðu einfaldlega að áhuginn á úti- og fjallamensku væri orðinn slíkur að það væri tímabært að bókin yrði gefin aftur út," segir Ari Trausti Guðmundsson, sonur Guðmundar, sem ritar formála endurútgáfunnar. „Bókin er örlítið minni í sniðum en upprunalega útgáfan, en annars ansi nákvæm eftirmynd."

Kaflarnir í bókinni eru nokkuð langir og í sumum þeirra rekur Guðmundur reynslu sína af ferðalögum og leiðöngrum á Íslandi og erlendis, meðal annars frá þeim tíma sem hann stundaði listnám í München.

„Þar tengdist hann inn í hóp austurríska og þýskra fjallamanna og fór með þeim í alvöru fjallaferðir í Ölpunum," segir Ari Trausti. „Þegar hann kemur heim 1926 fer hann fljótlega að tala fyrir aukinni útivist og náttúruskoðun og kynna fjallamennsku á tæknilegum nótum eða svonefndan alpínisma. Í kjölfarið tóku við fjallamennskunámskeið, skálabyggingar og fleira, sem leiðir svo til þess að félagsskapurinn Fjallamenn er stofnaður árið 1939. Hann var sérstakur að því leyti að þar var útivist færð frá hefðbundnum fjallgöngum yfir í klifur og jöklaferðir með tilheyrandi búnaði."

> „Hann var af þeirri kynslóð sem leit háleitum augum á náttúru Íslands.

Áhrifamikill félagsskapur

Fjallamenn vöktu framan af mikla athygli og þegar til dæmis páskaferðir inn á öræfin stóðu fyrir dyrum var haft samband við Guðmund, sem endaði jafnvel með forsíðufrétt í einhverju dagblaðanna. Þegar bókin kom svo út árið 1946 seldist hún vel og var ekki endurprentuð fyrr en nú á dögunum. Í nokkrum köflum koma fram sagnir sem Guðmundur heyrði og endursegir á skemmtilegan hátt. „Sumar þeirra eru nánast þjóðsögur," segir Ari Trausti. „Hann rekur svo ferð sem hann fer frá München með Ósvaldi Knudsen yfir til Litlu-Asíu og segir frá upplifun sinni af Grikklandi, Tyrklandi og fleiri löndum."

Guðmundur fléttar einnig inn alls konar pælingum um það sem hann kallaði líkamsmennt, en hann var að hluta alinn upp í ungmennasamtökum landsins snemma á síðustu öld og lagði mikla áherslu á íþróttir, einkum útivistaríþróttir. Þá fjallar Guðmundur einnig um náttúruna á einstakan hátt. „Þar skynjar maður bæði náttúruverndaráhuga og rómantík, en hann var af þeirri kynslóð sem leit háleitum augum á náttúru Íslands," segir Ari Trausti. „Þetta er innblásinn og glæsilega skrifaður texti, sem er ein af ástæðunum fyrir því að bókin er nú komin fram í endurútgáfu." ■

†

Elsku mamma,

Þorbjörg Steinólfsdóttir

lést 11. nóvember.
Útför fór fram í kyrrþey.
Þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýju og kærleika við andlát hennar og aðdraganda þess.

Vigdís Valsdóttir — **Bjarni Ásgeirsson**
Ragnhildur Valsdóttir — **Tino Nardini**
Lilja Valsdóttir — **Örn E. Gíslason**
Steinar Benedikt Valsson — **Kristín Jóhannsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali

Hjólafesting
á bíl
frá 3.995

Viðgerðar-
kollur
9.995

44.995
Vélagálgi 2T

Jeppatjakkur
2.25T
19.999

Viðgerðarbretti
9.995

Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

14.995
Vélastandur 500kg

AirBrush
loftdæla
19.995

6T Búkkar
605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum

38.995
Verkfæraskápur
á hjólum

99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum

Steðjar í
miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi
angle
6.985

14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

5.995
Verkfærasett
108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Bón og bílavörur
í miklu úrvali

Verðmæta-
skápar
frá 4.995

2xLED
kastari á
standi
9.999

Lyklabox
í miklu
úrvali

4.995
Verkfærasett

MEGA TOOL SET

2.985
Barnaverkfærasett

Lím-
byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir

13.995
Flísasög 80mm

Stigar og
tröppur í úrvali

Fjölsög
Höfftech

5.999

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm

19.995
Metabo
KS216 bútsög

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

App dagurinn

TAX FREE

Available on the App Store

GET IT ON Google Play

Borgaðu með Húsasmiðjuappinu í dag

og fáðu nánast allar vörur á **TAX FREE**. Gildir aðeins í dag þegar
þú borgar með Húsasmiðjuappinu í Húsasmiðjunni og Blómavali

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki af Weber grillum, Philips Hue, Timbursölu, sérpöntunum og „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Aðeins í dag

Veðurspá Fimmtudagur



Dregur úr vindi og úrkomu í dag, suðvestan 8-13 og skúrir eða él eftir hádegi, en styttir upp á NA- og A-landi. Hiti um og yfir frostmarki. ■

★★★★

RÞ / MBL

„... æsispennandi hrollvekja sem kallar fram tilfinningaleg og líkamleg viðbrögð hjá lesandanum.“

RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Dularfull og spennandi hryllingssaga sem skilur eftir ónotatilfinningu.“

ÞORVALDUR S. HELGASON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Alveg feykilega spennandi, órætt og hrollvekjandi.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**

Opið 10–19 alla daga til jóla

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Ian Nepomniachtchi (2782) átti leik gegn Magnúsi Carlsen (2855) í fimmtu skák heimsmeistaraeinvígisins í gær.

Nepo lék **20. Hed1** og skákinni lauk með jafntefli í 43 leikjum. **20. c4!** hefði hins vegar gefið honum betri tækifæri. Taflmennskan hefur verið heldur tilþrifalítil og staðan er 2½-2½ eftir fimm skákir. Frídagur er í dag. Sjötta skákin af 14 fer fram á morgun. Ný alþjóðleg skákstig komu út í gær.

www.skak.is: Heimsmeistaraeinvígið. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 dvali
5 orðbragð
6 í röð
8 hlutskipta
10 tveir eins
11 aftra
12 gamall
13 tær
15 gimsteinn
17 upphaf

LÓÐRÉTT
1 alltaf
2 þurfti
3 stafur
4 ríki í afríku
7 sléttast
9 dugnaður
12 farandi
14 skordýr
16 íþróttafélag



LÁRÉTT: 1 svefn, 5 tal, 6 íj, 8 ðrlaga, 10 ðð, 11 tef, 12 forn, 13 glær, 15 túrkis, 17 start.
LÓÐRÉTT: 1 stöðugt, 2 varð, 3 ell, 4 níger, 7 jafnast, 9 atorka, 12 fært, 14 lús, 16 ír.

Sudoku

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

	2				5			4
4			8			7		
		8			6	5		
		9		1		8		5
	4	7			8			6
2								
			2			3		
1			6		7			
	3			8		9		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

ÞAÐ ER ALDREI RANGUR TÍMI FYRIR MANNRÉTTINDI

Ekki láta þitt eftir liggja. Skrifaðu undir mál einstaklinga sem beittir eru grófum mannréttindabrotum.

AMNESTY.IS

Jólafólin

kolbrunb@frettabladid.is

Dagrún Ósk Jónsdóttir.

Um íslensku jólafólin: Grýlu, Leppalúða og jólasveinana, er yfirskrift erindis sem Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur heldur á Landnámssýningunni Aðalstræti, laugardaginn 4. desember kl. 15. Þar segir hún frá óhugnanlegum sögum og þjóðtrú sem umlykur hina hræðilegu jólafjölskyldu hennar Grýlu. ■

Auður Ava fær mikið hrós fyrir skáldsögu sína Dýralíf.

Dýrlegt hugmyndaflug

kolbrunb@frettabladid.is

Auður Ava Ólafsdóttir er nýkomin úr mikilli reisu um Frakkland og þar á undan var á hún á Bókmenntahátíð í Danmörku. Skáldsaga hennar Dýralíf er að fá frábærar viðtökur í báðum löndum

Le Monde segir um Dýralíf: „Að tengja saman einstaklinginn og alheiminn, hversdagslífið og stórar frumspekilegar spurningar er aðalsmerki Auðar Övu Ólafsdóttur.“ Elle segir: „Enn einu sinni sýnir hún fram á sittt dýrlega hugmyndaflug.“

„Dýralíf er óvenjuleg og dásamlega vel skrifuð skáldsaga (...) sem fellur yfir lesanda eins og snjór í stillu,“ segir í fimm stjörnu dómi í Jyllands-Posten. ■

Jólaboðið býður upp á hinar ýmsu leikhúskræsingar, segir gagnrýnandi. MYND/AÐSEND

Jólin eru að koma ...

LEIKHÚS

Jólaboðið

Byggt á verki Tyru Tønnesen, Julemiddag, sem er innblásið af The Long Christmas Dinner eftir Thornton Wilder
Þjóðleikhúsið
Handrit: Gísli Örn Garðarsson og Melkorka Tekla Ólafsdóttir
Leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson
Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Ebba Katrín Finnsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Gunnar S. Jóhannesson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ragnheiður K. Steindórsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson

Sigríður Jónsdóttir

Ykkur er boðið í jólaboð. Ekki eitt heldur um eitt hundrað, yfir heila öld. Óskar og Jóhanna bjóða ykkur velkomin til borðs en síðan taka afkomendur þeirra við, kynslóð eftir kynslóð, alltaf í sömu stofunni. Heðir eru órjúfanlegur hluti af hátíðarhaldinu en eins og mannfólkið þá breytast þær með tímanum, við tökum bara ekki endilega eftir því. Þó höfum við sterkar skoðanir á hvernig hlutirnir eiga að vera, um hvað er rætt og hverjir eru boðnir velkomnir í jólaboðið.

Hjarta sýningarinnar

Jólaboðið er byggt á tveimur leikritum; tæplega hundrað ára einþáttungi eftir Thornton Wilder og yngra norsku leikverki eftir Tyru Tønnesen. Handritið er aðlagað íslenskum raunveruleika og þjóðarsögu af Gísla Erni Garðarssyni, sem einnig leikstýrir, og Melkorku Teklu Ólafsdóttur, sem er sömuleiðis dramatúrg sýningarinnar. Erfitt er að gera sér grein fyrir áhrifum norska verksins en fjölskyldusagan er römmuð inn í tíðaranda hverrar stundar sem snertir á ýmsum samfélagsmálum svo sem kvenréttindum, kapítalisma og Kananum. Þrátt fyrir að vera kjarni sýningarinnar er félagsleg og fjárhagsleg staða fjölskyldurnar í áranna rás fremur óljós.

Flestir í leikhópnum fara með tvö hlutverk, ættliðirnir sem fjölga sér og hverfa. Nína Dögg Filippusdóttir er sú eina í leikhópnum sem leikur sama karakterinn alla sýninguna, hina hliðarsettu Margréti, frá barnæsku til efri áranna. Hún leysir hlutverkið ágætlega með rísandi bugun og brostnum væntingum, litlum hreyfingum sem tjá falinn harm. Vinátta Margrétar og Óskars yngri, sem leikinn er af Baldri Trausta Hreinssyni, verður að eiginlegu hjarta sýningarinnar. Það endurspeglar ágætlega hitt hlutverk Baldurs Trausta sem Róberts, hermannsins sem Margrét fær ekki að eiga. Gallinn er sá að bæði hlutverkin eru undirskrifuð og skortir baksögu en Baldur Trausti sýnir styrkleika sinn sem leikari og finnur hjarta í þeim báðum.

Spennandi orka

Ebba Katrín Finnsdóttir leikur Guðmundínu, yngri systur Margrétar og konuna sem rólega umbreytist í móður sína, af festu en með fáum blæbrigðum. Aftur á móti kemur hún með nýja og spennandi orku inn í seinni hluta sýningarinnar þegar hún spígsporar inn á sviðið og skellir samtímanum með sprengikrafti á sviðið í hlutverki Maríu.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur Jóhönnu yngri og Jóhönnu eldri, aðþrengdu húsfrúna og frjálslynda ömmubarnið. Augnablikið þegar Jóhanna yngri segir skýrt nei en vill af öllu afli segja já er eitt áhrifamesta atriði sýningarinnar. Ólafía Hrönn hefur þann einstaka hæfileika sem leikkona að finna stóran sannleika í smáum setningum.

Guðjón Davíð Karlsson og Þröstur Leó Gunnarsson leika húsbændur heimilisins, sá fyrri maðurinn sem stofnaði fjölskylduheimilið og hinn síðari aðkomumaðurinn frá Bíludal sem tekur við keflinu. Bestu senur Guðjóns Davíðs eru þó í hinu hlutverkinu sínu sem hinn bylting-arsinnaði Bárður sem kemur eins og hvirfilvindur inn í fjölskylduna. Þröstur Leó finnur sig vel í hlutverki Bílddælingsins Ragnars og fangar fallega hversu erfitt er fyrir eldri kynslóðina að umbera óumflýjanlegar breytingar, þetta gerir hann með augnaráðinu einu.

Vel er við hæfi að Gunnar Smári Jóhannesson og Ragnheiður Steindórsdóttir leiki hjón í Jólaboðinu. Aldursmunur þeirra einkennir breidd leikhópsins og reynslu leikaranna, sumir eru að stíga sín fyrstu skref, aðrir með áratugi í pokahorninu. Gunnar Smári er enn að finna fótfestu á fjölunum og hefur á brattann að sækja, að umbreytast í ungan mann í hruman. En margt gerir hann vel, orkuboltinn Jón Ægir er bráðskemmtilegur og tilfinningaríkur. Ragnheiður blómstrar í hlutverki Sigrúnar en á aðeins erfiðara með gelgjuna Bríeti.

Látlaus umgjörð

Garðar Örn fer frjálslega með hlutverkaskipan hvað aldur varðar sem er stundum hressandi en á öðrum stöðum fremur hjákátlegt, aðallega þegar börnin mæta á svæðið. Umgjörðin er greinilega innblásin af leiklýsingum Wilders en hann leggur fram bæði fábrotnu leikmyndina og skortinn á leikmunum, reyndar líka grunn að því hvernig persónur mæta dauða sínum. Atriðið í bíóinu er eina skiptið sem er stigið út úr sparistofunni. Frávikið er svo sannarlega kómískt en stingur í stúf við heildina. Sviðið er strípað, þegar sú aðferð er nýtt verður líkamsbeiting og táknfræði hreyfinganna að vera meira afgerandi en sést hér. Góðar hugmyndir á borð við taktföstu hreyfingarnar við matarborðið og fjölskylduljósmyndatakan virðast fjara út þegar líða tekur á verkið, kannski í takt við handritið sjálft.

Fagurfræði og umgjörð Jólaboðs er eins og áður var sagt mjög látlaus. Börkur Jónsson hannar leikmyndina af skynsemi og smíðar spennu á sviðinu bæði með þrepunum og bakrammanum, sem hefði þó verið hægt að nýta oftar. Búningar Helgu I. Stefánsdóttur einkennast af svörtum lit sem læðist út í bláma með líðandi stund, sem endar eftirminnilega með einkennisklæðnaði ungs drengs sem flestir foreldrar þekkja. Föt unga fólksins frá áttunda áratugnum hefðu mátt umbreytast með tíðarandanum. Önnur tæknivinna sem og listræn kemst vel til skila en tónlistin þyrfti að skilja meira eftir sig og spyrja má hvort öll leikrit þurfi nauðsynlega að hafa titillag?

Jólaboðið býður upp á hinar ýmsu leikhúskræsingar og kruðerí en líður fyrir handrit sem hefði mátt vinna betur og dýpka. Síðasta jólaboðið og atriði sýningarinnar inniheldur hreinræktaða leikhústöfra, viðkvæmur treginn snertir hinar innstu hjartarætur með djúpum skilningi á mannlegum breyskleika og margbreytileika sem væri óskandi að sýningin í heild sinni hefði náð að koma á framfæri. ■

> Augnablikið þegar Jóhanna yngri segir skýrt nei en vill af öllu afli segja já er eitt áhrifamesta atriði sýningarinnar.

NIÐURSTAÐA: Ljúfsár sýning krydduð með léttum fjölskylduerjum og kómísku jólastressi en skortir heildstæða nálgun.

DUXIANA REYKJAVIK 40 ÁRA

AFMÆLISÚTGÁFA AF JETSON Í TAKMÖRKUÐU UPPLAGI

EINGÖNGU FRAMLEIDD 40 NÚMERUÐ EINTÖK

JETSON

-15%

ÁÐUR: 565.000.-

NÚ: 480.000.-

DUXIANA.IS

ÁRMÚLI 10 / S.568-9950

DUX®

2019 2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál - Guðni Ágústsson Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson Þáttur frá 1996 um arkitektinn Rögnvald Ágúst Ólafsson, höfund Húsavíkurkirkju, Vífilsstaðaspítala, Pósthússins í Reykjavík og fleiri húsa. e.
13.45 Útsvar 2007-2008 Reykjavík - Kópavogur.
14.35 Heilabrot
15.05 Fjörskyldan
15.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
15.55 Gulli byggir
16.30 Neytendavaktin
17.00 Landinn
17.30 Jóladagatalið: Jólasótt
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu
18.14 Jóladagatalið: Jólasótt
18.42 Jólamolar KrakkaRÚV Allskonar skemmtilegir og jólalegir molar úr sögu Stundarinnar okkar.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Jólalag dagsins Hera Björk og Ragnar Bjarnason - Góða ósk um gleðilega hátíð.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu.
20.05 Okkar á milli
21.00 Pressan Press Bresk leikin þáttaröð um líf ritstjóra og blaðamanna hjá tveimur ólíkum breskum dagblöðum og álagið sem fylgir því að lifa og hrærast í heimi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á hraðan fréttaflutning. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Úlfur, Úlfur Ulven kommer
23.10 Ófærð
00.00 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.10 LET Tour 2021 - Highlights
10.00 DP World Tour Bein útsending frá South African Open Championship.
15.00 LPGA Tour Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
18.00 PGA Tour. The Cut
18.30 PGA Tour Bein útsending frá Hero World Challenge, styrktarmót Tigers Woods og PGA.
21.30 LET Tour Útsending frá Creekhouse Ladies Open.

Sjónvarp Símans

10.45 Dr. Phil
11.30 The Late Late Show
12.15 Best Home Cook
13.15 The Trip to Greece
14.45 The King of Queens
15.05 Everybody Loves Raymond
15.30 Shrek 2 - ísl. tal Shrek er búinn að bjarga Fíónu prinsessu, kvænast henni, og nú er komið að því að hitta tengdaforeldrana.
17.00 Fjársjóðsflakkarar (3.52) Fjársjóðsflakkararnir takast á við framandi hættur til að gæta Fjársjóðanna. Búið ykkur undir magnað ævintýri.
17.10 Fjársjóðsflakkarar (4.52)
17.25 Tilraunir með Vísinda Villa
17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu
19.10 The Moodys
19.35 Ilmurinn úr eldhúsinu
20.10 Heil og sæl?
20.45 Ástríða
21.20 The Resident
22.10 Walker
22.55 The Twilight Zone (2019)
23.45 The Late Late Show
00.30 Dexter
01.20 Stella Blómkvist
02.05 Yellowstone
02.50 City on a Hill
03.40 Agents of S.H.I.E.L.D.

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Í ljósi krakkasögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
19.30 Sinfóníutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

12.55 Dan Soder. Son of a Gary
14.00 2 Years of Love
15.25 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me
16.55 Dan Soder. Son of a Gary
18.00 2 Years of Love
19.25 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me
21.00 A Prayer Before Dawn
22.50 Richard Jewell
01.00 Annabelle Comes Home
02.40 A Prayer Before Dawn

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Jóladagatal Árna í Árdal Ómissandi aðventuþættir með Árna Ólafi úr Hinu blómlega búi. Hér mun hann koma öllum í rétta hátíðarskapið og reiða fram einn rétt á dag fram að jólum.
09.30 Gossip Girl
10.15 Ísskápastríð
10.45 Dýraspítalinn
11.15 Quiz
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Modern Family
13.15 Gilmore Girls
14.00 X-Factor Celebrity
15.10 Home Economics
15.30 The Titan Games
16.50 Jólaboð Evu
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Samstarf Þegar Sunneva og Jóhanna frétta af því að sjómennskan sé næst á dagskrá, gíra þær sig upp fyrir mennskuna, en þegar þær mæta á staðinn er eitthvað allt annað uppi á teningnum.
19.30 The Cabins
20.20 Curb Your Enthusiasm
21.00 NCIS
21.45 Chucky
22.45 Damages
23.25 Damages
00.10 Ummerki
00.35 The Sinner
01.25 The Pact
02.25 Professor T
03.10 La Brea
03.55 Castle Rock

Stöð 2 Sport

06.55 FH - Haukar Útsending frá leik í Olís-deild karla.
08.25 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
10.05 Njarðvík - Grindavík
11.45 Börkur Edvardsson
12.35 Fjölnir - Sindri Útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
14.15 FH - Haukar
15.40 Breiðablik - Valur
17.20 Njarðvík - Grindavík
19.05 Hamar - Álftanes Bein útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
21.15 Subway Körfuboltakvöld kvenna
22.15 FH - Haukar
23.40 Hamar - Álftanes

Stöð 2 Sport 2

07.50 Derby - QPR
09.30 Football League Show
09.55 Barcelona - Benfica
11.35 Meistaradeildarmörkin
12.20 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
12.45 Sheriff - Real Madrid
14.25 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
14.50 Liverpool - Porto
16.30 Meistaradeildarmörkin
17.15 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
17.40 New England Patriots - Tennessee Titans
20.00 Lokasóknin
21.00 NFL Gameday
21.25 Green Bay Packers - LA Rams
23.45 Lokasóknin
00.40 NFL Gameday

FRÉTTAVAKTIN

Fréttaumfjöllun fyrir alla kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða +helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

Brynja Dan Gunnarsdóttir er einn eigandi Extraloppunnar þar sem hægt er að kaupa jólafötin á umhverfisvænan hátt.
MYND/AÐSEND

Umhverfisvænni jólatíska

Brynja Dan segir fólk sækja mikið í pallíettur og glimmer þegar kemur að fatavali um jól. Tekin hafa verið saman nokkur atriði sem hjálpað geta lesendum að skína.

ninarichter@frettabladid.is

Brynja Dan Gunnarsdóttir er einn af eigendum Extraloppunnar í Smáralind. Hún segir ákveðna tískustrauma áberandi í desember, en þá sæki fólk mikið í pallíettur og glimmerföt: „Glansefnið er að koma inn, hafmeyjufílingur. Skægrænn, bleikur og blár, föt með satínáferð og dragtir í alls konar litum," segir hún og bætir við að ósymmetrísk skásnið séu einnig vinsæl.

Jólatískan í ár er þægileg, litrík og skemmtileg, ef marka má tískusérfræðinga heima og heiman. Skynsemi og þægindi ráða ríkjum og gera tískumeðvituðum hægt um vik að aðlaga tískuna sínum persónulega stíl, auk þess sem eldri tíska snýr aftur og því gætu hátískugersemar leynst inni í skáp, eða á næsta nytjamarkaði. Við tökum saman nokkur atriði sem gætu hjálpað lesendum að skína í jólaboðum og útréttingum desembermánaðar, eins og jólastjörnum á vetrarhimni.

Rauður litur
Rauður litur var áberandi á tískupöllunum fyrir þetta tímabil, hjá öllum kynjum, og því er upplagt að nýta tækifærið á aðventunni og klæðast þessum fallega og jólalega lit. Það eru til mörg litbrigði af rauðum og því ættu flestir að finna eitthvað klæðilegt og skemmtilegt. Prófið rauðan trefil, rauða peysu eða rauðar sokkabuxur.

Afslappaður stíll
Áhrifa heimsfaraldurs gætir víða í tískunni og það endurspeglast vel í þessari tískubylgju. Í fyrra voru hettupeysur og þægilegur íþróttafatnaður á hvers manns vörum, en fyrir vetrartímabilið 2021 hafði þessi tíska slípast örlítið til. Síðir herrafrakkar í sloppastíl, úr mjúku og hlýju efni, eru algjörlega málið samkvæmt tískuhúsum á borð við Louis Vuitton, Jill Sander og Fendi.

Rykfrakki
Ljósbrúni, klassíski rykfrakkinn virðist halda vinsældum sínum fram á næsta ár. Það ætti að vera auðvelt að finna notaðan rykfrakka á nytjamarkaði, en í þessari tísku má jakkinn endilega vera stór með flottu belti. Það má líka bregða á hann hvaða belti sem er og skapa þannig frumlega heildarmynd. Þá er þessi tíska sérlega vetrarvæn þar sem upplagt er að klæðast góðri peysu undir jakkanum.

Víðar buxur
Þúsaldarkynslóðinni til mikillar gremju eru þröngar buxur eða skinny-jeans algjörlega úti, og skálmarnar eiga að vera víðar. Skemmtileg mynstur, kögur, æpandi litir og lág mittishæð eru það sem tekið hefur við.

Peysuvesti
Peysuvestið hóf innreið sína á ný árið 2020 og á bæði snertifleti við endurkomu þúsaldartískunnar og þægindatískuna sem kom með auknum inniveru og vinnu að heiman. Hvers vegna vera í heilli peysu þegar þú getur verið í peysuvesti? Vestin eru hlý og notaleg og má bæði nota með belti og flottri skyrtu eða bol.

Gervifeldur og gervileður
Síðustu ár hefur loðdýrarækt verið á útleið á tískupöllunum og sífellt fleiri neytendur kjósa að velja í staðinn gervifeldi og gervileður. Vínill, latex og önnur plastefni eru til í alls konar litum og voru líka sérstaklega vinsæl fyrir tuttugu árum, þannig að það er aldrei að vita nema frænka þín lumi á flottum skóm sem gætu hæglega slegið í gegn á dansgólfinu. ■

» Víðar buxnaskálmar eru afar vinsælar um þessar mundir.

NÓA Konfekt

Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfektið frá Nóa Síríus. Ómótstæðilegt rjómasúkkulaði í bland við ferskar og spennandi fyllingar mynda stórkostlega bragðupplifun sem svíkur engan. Gefðu þeim, sem er þér svo kær, gleðistundir með ljúffengu konfekti frá Nóa Síríus - Gott að gefa, himneskt að þiggja!

NÓI SÍRÍUS

Donald Trump hatar ekki að tala um Meghan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sendi Meghan Markle pillu

odduraevar@frettabladid.is

Donald Trump fyrrverandi Bandaríkjaforseti sendi hertogaynjunni Meghan Markle pillu í viðtali sem hann fór í á dögunum.

Hann sagðist alls enginn aðdáandi hertogaynjunnar og bætti því við að hann teldi að hún hefði nýtt sér eiginmann sinn Harry Bretaprins á ljótan hátt.

„Ég er ekki aðdáandi hennar. Var það aldrei. Ég tel Harry hafa verið notaðan á hræðilegan hátt og ég held að einn daginn muni hann sjá eftir þessu," segir forsetinn, sem var alveg eins og heima hjá sér í viðtali við sjónvarpsmanninn og fyrrverandi stjórnmálamanninn Nigel Farage á sjónvarpsstöðinni GB News.

Trump hrífst ekki af Meghan og hefur oft áður talað illa um hana. ■

Kelly Osbourne. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kærir sig ekki um fitusmánun

odduraevar@frettabladid.is

Kelly Osbourne birti nýverið tölvupóst á Instagram sem hún fékk frá bandarískra slúðurtímaritinu National Enquirer. Í tölvupóstinum var hún beðin um að tjá sig um frétt miðilsins af þyngdaraukningu hennar.

„Þetta er það sem ég þarf að fást við á hverjum einasta degi," skrifar raunveruleikaþáttastjarnan við skjáskotið. Hún hvetur fylgjendur sína til að senda viðkomandi blaðamanni skilaboð.

„Þetta hefur verið erfiðasta ár lífs míns," segir Kelly við aðdáendur. ■

Hlekkinn að frábæru dagatali Lenu má finna í fréttinni á vef Fréttablaðsins. MYND/AÐSEND

Lena býður í heilsuræktarveislu í desember

Heilsuræktarpepparinn Lena Karen Andreasdóttir hjá Origo býður annað árið í röð upp á heilsuræktarjóladagatal á vefnum. Dagatal Lenu sló í gegn í fyrra en nú líkt og þá býður Lena upp á mjúka og harða pakkann, miserfiðar æfingar.

odduraevar@frettabladid.is

„Þú opnar hvern glugga hvern dag og þá eru þetta tveir valmöguleikar, svo þetta er bæði fyrir lengra komna og byrjendur," útskýrir Lena en um er að ræða vefsíðu þar sem hægt er að sjá og leika eftir frábærar æfingar.

„Þetta byrjaði í Covid í fyrra þegar allt var lokað," segir Lena en upprunalega var um að ræða armbeygjukeppni á meðal starfsfólks Origo. Framlag Lenu vakti mikla athygli og fékk hún meðal annars sérstakt hrós frá Jón Björnssyni, forstjóra Origo.

„Við tókum þetta á aðeins hærra level í ár. Þetta verður meiri æfing á meðan þetta var meira hugsað sem hreyfing úti í þrjátíu mínútur í fyrra," segir Lena.

Hún minnir á að hreyfing sé það mikilvægasta sem hægt er að gera fyrir sjálfan sig. „Það er mikilvægt að gefa sér smá tíma fyrir sjálfan sig í jólastressinu. Fólk miklar þetta oft fyrir sér en þetta eru ekki nema þrjátíu mínútur af deginum. Og jólastressið minnkar bara ef þú tekur þér smá hlé og gerir eitthvað fyrir sjálfan þig." ■

Lena hefur eitthvað fyrir alla í dagatalinu, léttar og erfiðari æfingar sem henta fyrir alla. MYND/AÐSEND

Jólaæfingar Lenu

Æfing 1
4 umferðir

- 20 fjallaklifuræfingar
- 18 axlaflug
- 16 hnébeygjur
- 14 froskaæfingar
- 12 magaæfingar

Æfing 2
- 12 mínútur
- Eins margar umferðir af: 12 veggjaboltar, 12 kassahopp

Æfing 3
- 21-15-12-9 ketilbjöllusveiflur
- Fremri hnébeygjur
- Froskar með hoppi

Æfing 4
- 1,6 kílómetra hlaup
- 2 mínútur af eins mörgum armbeygjum og þú getur
- 2 mínútur af eins mörgum uppsetum og þú getur
- 2 mínútur af eins mörgum froskahoppum og þú getur
- 1,6 kílómetra hlaup

Æfing 5
2 og 2 vinna saman, frjálsar skiptingar

- 1 kílómetra hlaup
- 100 hang clean lyfta
- 100 push press lyfta
- 100 armbeygjur
- 100 froskar
- 50 upphífingar
- 1 kílómetra róður

Lena segir erfiðasta hjallann vera að koma sér af stað. Margir mikli það fyrir sér. MYND/AÐSEND

> Það er mikilvægt að gefa sér smá tíma fyrir sjálfan sig í jólastressinu. Fólk miklar þetta oft fyrir sér en þetta eru ekki nema þrjátíu mínútur af deginum.
>
> Lena Karen

JÓLA - ALLT

Það verður jólaþema í Allt hluta Fréttablaðsins
alla föstudaga fram að jólum.
Þar ætla blaðamenn að fjalla um mat, skreytingar,
gjafir og margt fleira sem tengist jólunum.

Vertu í jólaskapi með Fréttablaðinu og komdu þínum skilaboðum
beint til lesenda í mest lesna blaði landsins!

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

HERRAFATAVERZLUN
KORMÁKS & SKJALDAR
WWW.KORMAKUROGSKJOLDUR.IS
LAUGAVEGI 59 - OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Metsölulisti

Vikuna 24. - 30. nóvember

1 **Orri óstöðvandi**
Bjarni Fritzson



2 **Lok, lok og læs**
Yrsa Sigurðardóttir



3 **Sigurverkið**
Arnaldur Indriðason

4 **Úti**
Ragnar Jónasson

5 **Sextíu kíló af kjaftshöggum**
Hallgrímur Helgason



6 **Bannað að eyðileggja**
Gunnar Helgason

7 **Þín eigin ráðgáta**
Ævar Þór Benediktsson

8 **Læknirinn í Englaverksmiðjunni**
Ásdís Halla Bragadóttir

9 **Rætur**
Ólafur Ragnar Grímsson

10 **Dagbók Kidda klaufa 15**
Jeff Kinney

Pennan Eymundsson

Bony Man eða Guðlaugur Jón Árnason hefur slegið í gegn í Hollandi. Hann boðar til veislu á Kexi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fleiri hlusta á Guðlaug í Hollandi en á Íslandi

Tónlistarmaðurinn Guðlaugur Jón Árnason, sem gengur undir listamannsnafninu Bony Man, heldur brátt útgáfutónleika á Kexi. Guðlaugur hefur beðið þessa lengi en í millitíðinni hefur platan slegið í gegn í Hollandi.

odduraevar@frettabladid.is

Cinnamon Fields heitir fyrsta plata Bony Man en hún kom út á streymisveitum í september síðastliðnum. „Ég ætlaði að halda útgáfutónleika í október en svo varð ég að seinka þeim þar sem alls konar vesen kom upp," segir Guðlaugur og útskýrir að bæði hafi Covid sett strik í reikninginn vegna takmarkana en líka vegna þess að allir salir voru uppbókaðir á núll einni.

„Ég náði svo loksins að bóka sal hjá Kexi þann 4. desember og ég er eiginlega að komast að því núna að tónleikarnir hefðu ekkert mátt vera fyrr á ferðinni því við erum núna fyrst að verða nokkuð góðir," segir Guðlaugur en hann fékk nokkra félaga til liðs við sig við undirleikinn sem ekki spiluðu með honum á plötunni sjálfri.

„Við eigum eina æfingu eftir og svo kannski getum við rennt í gegnum lögin í sándtjékki og þá kannski sleppur þetta til," segir Guðlaugur og hlær. Ástæða þess að Guðlaugur kallar sig Bony Man er einföld: „Friðrik Sólnes, æskuvinur minn síðan í sex ára bekk, skrifaði þetta á kaffibollann minn, ég var með frauðplast-kaffibolla. Við vorum úti að reykja í MH. Fólk hló að þessu og svo bara festist það."

Hollendingar fá ekki nóg

Hann vinnur sem framhaldsskólakennari í FB en hefur öðlast það sem kalla mætti heimsfrægð í Hollandi í millitíðinni. „Ég er einhvern veginn miklu þekktari í Hollandi en á Íslandi og ég get eiginlega bara rakið það til hollensks tónlistaráhugamanns sem rakst á plötuna mína og hreifst af kover-myndinni," segir Guðlaugur.

Sá deildi plötunni á vinsælli hollenskri tónlistarsíðu og svo fór sem fór. „Þetta er svona síða þar sem menn setja inn áhugaverðar plötur sem eru í umræðunni og þá fóru margir að hlusta og þetta virðist fara svona líka rosalega vel ofan í Benelux-tónlistarmennina," segir Guðlaugur léttur.

„En þetta hefur enn ekki komist lengra einhvern veginn. Ég held það sé ennþá þannig að það eru þrisvar sinnum fleiri að hlusta á plötuna í Hollandi heldur en á Íslandi," segir Guðlaugur hlæjandi en hann segir Hollendinga duglega að hafa samband.

„Ég fékk á tímabili rosalega mikið af póstum og svona frá hinum og þessum sem vildu fá texta og voru að spyrja mig hvort ég ætlaði ekki að gefa út vínilplötu eða geisladiska. Ég hef örugglega fengið yfir hundrað þannig."

Aðdáendur þurfa ekki að örvænta en Guðlaugur býður nú eftir vínilútgáfu plötunnar. „Ég vissi ekki að það tæki svona langan tíma að fá hana framleidda en hún er í bígerð en það er einhver bið. Nú er aðaláhyggjuefnið að hæpið verði dottið niður þegar hún svo loksins kemur. En það verða þá allavega einhverjar fimm, sex eða sjö plötuverslanir í Hollandi með hana." ■

Hafna bandarískri neyslumenningu

odduraevar@frettabladid.is

Uppistandshópurinn VHS hafnar alfarið þeirra þróun sem er að eiga sér stað í íslensku viðskiptalífi, þar sem dagar sem byggja eingöngu á neyslu eru fluttir inn frá Bandaríkjunum og hafðir í hávegum eins og um hátíðir sé að ræða.

Þar nefnir Stefán Ingvar Vigfússon, grínisti og framkvæmdastjóri, sérstaklega afsláttardaga á borð við Singles' day, Black Friday og Cyber Monday. Hann segir þar um að ræða úrkynjun. „Við í VHS mörkuðum skýra stefnu strax við stofnun hópsins, við tökum ekki þátt í innfluttum tilboðsdögum sem þessum.

Stefán Ingvar Vigfússon, framkvæmdastjóri VHS

Uppistandshópurinn VHS mun hvorki bjóða afslátt af sýningum eða annarri þjónustu sem við bjóðum upp, né heldur munu meðlimir VHS nýta sér þá afslætti önnur fyrirtæki bjóða upp á."

Stefán segir þetta snúast um virðingu. „Okkur þykir samfélagið einkennast meira og meira af virðingarleysi, fólk sýnir hvert öðru vanvirðingu, skoðunum hvert annars og með þessum innfluttu dögum sýnir markaðsfólk neytendum vanvirðingu. Það sýnir neytendum og það sýnir menningunni vanvirðingu, í stað þess að leita í nærumhverfið er allt flutt inn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þetta er fyrir neðan okkar virðingu."

Að endingu skýtur Stefán inn í að uppistandshópurinn muni fagna fullveldi Íslands með því að bjóða upp á góðan afslátt af sýningu hópsins. „Og bjóðast miðar á lægra verði en þeir hafa nokkurn tímann áður fengist keyptir á!" ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

BYKO

Alþjóðlegur dagur reykskynjarans 1.desember

20% afsláttur af öllum eldvörnum 1.-5. desember

ELDVARNARTEPPI MOBIAK

Eldvarnateppi fyrir eldhús 1m x1m. Eldvarnateppi á að vera í öllum eldhúsum við eldavélina. Falleg hönnun og framleitt að viðurkenndum framleiðanda sem uppfyllir alla staðla. Svart eða hvítt.

-20%

Vnr. 50006015

3.916

Almennt verð: 4.895

Þú sparar: 979

LÉTTVATNSSLÖKKVITÆKI 6L.

Léttvatnstæki eru sérstaklega öflug á eldfima vökva. Léttvatnið myndar filmu yfir eldmatinn og hindrar að það kvikni í aftur. Hvítt, svart eða grátt

-20%

Vnr. 50006008-10

12.156

Almennt verð: 15.195

Þú sparar: 3.039

LÉTTVATNSSLÖKKVITÆKI 2L.

Léttvatnstæki eru sérstaklega öflug á eldfima vökva. Léttvatnið myndar filmu yfir eldmatinn og hindrar að það kvikni í aftur. Hvítt, svart eða grátt.

-20%

Vnr. 50006005-7

7.676

Almennt verð: 9.595

Þú sparar: 1.919



BJÖRGUNARSTIGI 7,5M

Mesti þungi á stiga er 350 kg. Breidd stigans er 31 sm. Er hugsaður fyrir 3ja hæða hús.

-20%

Vnr. 50004976

32.316

Almennt verð: 40.395

Þú sparar: 8.079

OPTÍSKUR REYKSKYNJARI

Optískir reykskynjarar greina upphaf glóðarbruna og er því best að staðsetja þá á opin svæði, ganga og nálægt rafmagnstöflum. 9V rafhlaða fylgir með. 10 x 10 x 3 cm.

-20%

Vnr. 50005047

956

Almennt verð: 1.195

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Röð og regla

Ég kappkosta að hafa reglu á hlutunum, það verður sífellt meira aðkallandi. Sérstaklega núna þegar ég vinn heima hjá mér.

Ég raða í uppþvottavélina á morgnana á meðan grauturinn mallar og kaffið rennur. Við Hófí, kærastan mín, höfum tamið okkur það að borða hafragraut alla virka morgna, við tölum mikið um það hvað það er hagkvæmt. „Einhver fjögurhundruð kall fyrir morgunmat í heilan mánuð!“ Þetta segi ég stundum upphátt við Hófí og annað fólk sem ég hitti.

Vélin vinnur svo sína vinnu á meðan ég vinn mína, hún kurrar í íbúðinni á meðan ég hjakkast við einhverja texta á skrifstofunni.

Ég opna hana í hádeginu og hendi grænmeti í steypujárnspottinn. Potturinn fer inn í ofn og er þar fram að kvöldmat, þannig er kvöldmaturinn alltaf tilbúinn þegar við höfum lokið vinnu dagsins. Ég tala mikið um það hvað þetta er sniðugt við Hófí og annað fólk: „Þá erum við ekki í neinu stressi eða orðin alltof svöng þegar við loksins borðum.“ Þetta segi ég stundum upphátt, við Hófí og annað fólk sem ég hitti.

Diskarnir fara í vaskinn eftir kvöldmat og eru þar þangað til annað okkar lagar kvöldteið. Í því í er garðabrúða, hún ku vera róandi, og við drekkum það á meðan við lesum. Á meðan telaufin blandast heitu vatninu tökum við úr uppþvottavélinni. Þá ert allt klárt fyrir næsta morgun.

Það er gott hafa svona reglu á hlutunum, ég veit yfirleitt hvað ég á að gera á hverri stundu og ef ég rugla ast get ég litið í uppþvottavélina. Ef allt fer óskum verður þessi regla á hlutunum þangað til ég dey. ■